



Minjastofnun  
Íslands

---

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

---

# Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2017

Agnes Stefánsdóttir  
Ásta Hermannsdóttir

2018

*Ritstjórn*

Agnes Stefánsdóttir  
Ásta Hermannsdóttir

*Ljósmyndir*

Sjá myndaskrá aftast

*Ljósmynd á forsíðu*

Nemendauppgröftur í Skálholti. Ljósmynd: Angelos Parigoris.

© 2018

Minjastofnun Íslands  
Agnes Stefánsdóttir  
Ásta Hermannsdóttir

Öll réttindi áskilin  
ISBN 978-9935-9403-5-3

**Minjastofnun Ísland**

Suðurgata 39  
101 Reykjavík  
Ísland  
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

## Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>Inngangur .....</b>	<b>4</b>
<b>2.</b>	<b>Reykjavík og nágrenni.....</b>	<b>5</b>
2.1	Hlið á Álftanesi .....	5
2.2	Hádegishólar í Kópavogi.....	7
2.3	Grímsstaðavör í Reykjavík .....	8
2.4	Unnarbraut 32, Seltjarnarnesi.....	10
2.5	Móakot, Nesi við Seltjörn.....	12
2.6	Stóra Sel í Reykjavík.....	14
2.7	Hafnarstræti í Reykjavík .....	15
2.8	Alþingisreitur, rannsókn á viðarstíg.....	16
2.9	Skólabrú í Reykjavík.....	17
2.10	Holdsvæikraspítalinn á Laugarnesi.....	19
2.11	Fornar rætur Árbæjar í Reykjavík .....	20
2.12	Sýnataka í Mjóumýri í Viðey, Impacts of medieval monasteries on the Icelandic landscape and society.....	22
<b>3.</b>	<b>Vesturland .....</b>	<b>24</b>
3.1	Hallmundarhellir í Hallmundarhrauni.....	24
3.2	Arnarstapi – Commodity Entanglement – The archaeology of the danish trade monopoly .....	27
3.3	Miðvellir - Commodity Entanglement - The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602- 1787 .....	29
3.4	Hólahólar - Commodity Entanglement - The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602- 1787 .....	31
3.5	Verslun og hvalveiðar Hollendinga – Saurar, Hólahólar og Nýjabúð á Snæfellsnesi.....	33
3.6	Ólafsdalur við Gilsfjörð .....	34
<b>4.</b>	<b>Vestfirðir.....</b>	<b>36</b>
4.1	Hrafnseyri – Arnarfjörður á miðöldum .....	36
4.2	Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum .....	38
4.3	Kjaransstaðir í Dýrafirði .....	40
4.4	Verslun og hvalveiðar Hollendinga - Birgísvík, Kolbeinsvík, Kjörvogur og Veiðileysa á Ströndum .....	42
4.5	Strákey við Eyri í Kaldrananeshreppi .....	43
<b>5.</b>	<b>Norðurland vestra.....</b>	<b>45</b>
5.1	Pingeyrar í Húnaþingi – Klaustur á Íslandi.....	45
5.2	Geldingaholt í Skagafirði.....	47
5.3	Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjörður, North Iceland - Kjarnaboranir .....	49
5.4	Rannsóknarskurðir á 12 jörðum í Skagafirði - Colonization and Christianity: the development of	

	Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjordur, North Iceland .....	51
5.5	Hegranesþingstaður - Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjordur, North Iceland.....	53
5.6	Fornbýli Landscape and Archaeological Survey on Hegranes (FLASH): The Archaeological Investigation of Erosion and its Effect on Social Processes in the Arctic .....	55
5.7	Uppgröftur kirkju og kirkjugarðs í Keflavík, Hegranesi.....	57
5.8	Egg í Hegranesi.....	59
5.9	Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar XI.....	61
5.10	Meintur kirkjugarður á Gautastöðum í Fljótum.....	62
<b>6.</b>	<b>Norðurland eystra.....</b>	<b>64</b>
6.1	Dysnes í Hörgársveit .....	64
6.2	Svalbarðseyri við Eyjafjörð .....	66
6.3	Hof á Flateyjarðal – friðlýstar minjar .....	68
6.4	Litlu Núpar í Aðaldal - Kuml .....	70
6.5	Hofstaðagarðshorn.....	72
6.6	Núpsmýri við Öxarfjörð .....	74
6.7	Svalbarð í Svalbarðshreppi, borkjarnar á átta stöðum.....	75
<b>7.</b>	<b>Austurland .....</b>	<b>76</b>
7.1	Stöð í Stöðvarfirði.....	76
<b>8.</b>	<b>Suðurland .....</b>	<b>78</b>
8.1	Eystri Ásar í Skaftártungu, rannsókn vegna fyrirhugaðrar vegagerðar .....	78
8.2	Ytri Ásar, borkjarnarannsókn.....	81
8.3	Arfabót á Mýrdalssandi.....	82
8.4	Sandártunga í Þjórsárdal – The Archaeology of the Trade Monopoly .....	84
8.5	Skeljastaðir í Þjórsárdal – Klaustur á Íslandi .....	86
8.6	Kuml í Hólaskógi.....	87
8.7	Skálholt. Nemendauppgröftur .....	88
8.8	Verbúðarhóll á Eyrarbakka.....	90
<b>9.</b>	<b>Aðrar rannsóknir .....</b>	<b>92</b>
<b>10.</b>	<b>Myndaskrá .....</b>	<b>93</b>

## 1. Inngangur

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 veitir Minjastofnun Íslands leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér, setur reglur um veitingu leyfa og hefur eftirlit með þeim.

Í 11. lið 4. gr. Reglna nr. 339/2013 um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér segir:


*Að lokinni vettvangsrannsókn hvers árs skal skila inn til Minjastofnunar eyðublaði þar sem fram koma grunnupplýsingar um gang rannsóknarinnar það árið. Minjastofnun Íslands mun gefa út yfirlit yfir fornleifarannsóknir hvers árs sem byggir á þessum upplýsingum.*

Nú hefur verið unnið úr þeim eyðublöðum sem bárust fyrir árið 2017 og má sjá fyrstu niðurstöður þeirra rannsókna sem veitt var leyfi til það ár hér á eftir.

Eru upplýsingar eyðublaðanna byggðar á vettvangsskrám en sérfræðigreiningum og úrvinnslu var ekki lokið. Þetta kemur að sjálfsgöðu ekki í stað áfanga- eða lokaskýrslu hvernar rannsóknar fyrir sig.

Rannsóknirnar eru settar upp í kafla eftir minjasvæðum þannig að byrjað er á höfuðborgarsvæðinu og farið réttisælís kringum landið og endað á Reykjanesi.

Fjöldi rannsókna var nokkuð jafn eftir minjasvæðum árið 2017 að undanskildum Austurlandi og Reykjanesi. Ein rannsókn fór fram á Austurlandi en engin á Reykjanesi. Mest fóru fram 15 rannsóknir á minjasvæði Reykjavíkur og nágrennis.



Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2017. Númerin vísa til kafla í skýrslunni. Sums staðar eru fleiri en ein stjarna með sama númer og er ástæða þess að í sumum rannsóknum eru fleiri en einn staður rannsakaður undir sama rannsóknarnúmeri.


## 2. Reykjavík og nágrenni



Mynd 2. Hlið á Álftanesi. Yfirlitsmynd af könnunarskurðum og framkvæmdasvæðinu. Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir.

### 2.1 Hlið á Álftanesi

<b>Leyfishafi:</b> Ragnheiður Traustadóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Antikva ehf.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015020097	<b>Númer þjóms:</b> 2017-50
<b>Staðsetning:</b> A 3516672 N 402752	<b>Póstnúmer:</b> 225 Garðabær
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 20.09.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 25.09.2017
<b>Tegund rannsókna:</b> framkvæmda-rannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Vegna fyrirhugaðra framkvæmda var rannsakað svæði suðvestan við núverandi íbúðarhús, en það stendur á bæjarstæði Hliðs. Umfang bæjarstæðisins er ekki þekkt.

Uppgriftarsvæðið er vestan við núverandi íbúðarhús á Hliði á Álftanesi og á því svæði sem bæjarhóllinn hefur verið. Niðurstöður eru þær að engin mannvirki fundust við rannsóknina. Smáar linsur af móöskulögum komu í ljós rétt undir yfirborði en þau voru röskuð. Jarðvegurinn var að mestu óhreyfður og stutt niður á forsögulega gjósku. Það er hugsanlegt að þegar núverandi íbúðarhús var byggt hafi verið sléttað úr öllu og jarðvegur færður í burtu. Örfá leirker, glerbrot og járnnaclar frá seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar fundust í yfirborðslaginu. Rannsóknir hafa farið fram áður á bæjarstæðinu á Hliði og austan við núverandi íbúðarhús fundust þá leifar af veggjum og kjallara frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldar. Auk þess eru vísbendingar um að sunnan við húsið séu leifar af mannvirkjum. Ljóst er að ekkert er að finna á þessu rannsóknarsvæði.

**English Summary**

The residential house at Hlið in Álftanes is situated on the old farm mound. The extent of the farm mound is not known and therefore, in connection with intended construction work on the site, test trenches were excavated in an area (C) close to the house. The excavation was carried out to see if any archaeological remains are in the area.

Excavation area C is west of the current residential house. The results of the research are that no structures were found during the excavation. Small remains of peat ash layers were discovered right under the surface, but they were disturbed. The soil was mostly undisturbed and shallow (down to prehistorical volcanic ash). It is possible when the current residential house was built everything was smoothed down and surface soil removed. A few ceramics, glass fragments and iron nails from the later part of the 19<sup>th</sup> century and early 20<sup>th</sup> century were found in the surface layer. Research has previously been conducted at Hlið and east of the current residential house remains of a wall and cellar were unearthed, dating from the 19<sup>th</sup> and early 20<sup>th</sup> century. There are also clues that point to there being structures south of the current residential house. It is clear that there is nothing to find in this research area.



Mynd 3. Hádegishólar. Rústin árið 2000, en gróður var þá mun minni en hann er í dag. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

## 2.2 Hádegishólar í Kópavogi

<b>Leyfishafi:</b> Bjarni F. Einarsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifafræðistofan
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017100041	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-58
<b>Staðsetning:</b> A 360184 N 402151	<b>Póstnúmer:</b> 201 Kópavogur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 16.10.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 18.10.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Vegna fyrirhugaðra framkvæmda var þverskurður grafinn í rúst í Hádegishólum í Kópavogi. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort eldri fornleifar kynnu að leynast undir rústinni sem sást á yfirborði og kanna hlutverk hennar og aldur yrði því við komið.

Engar eldri leifar fundust undir rústinni, en vestan við hana er rúst sem kann að vera samtíða, eða eldri. Niðurstöður gjóskugreininga bentu til þess að hin rannsakaða rúst kynni að vera frá 1550 - 1650, en gjóskan í veggnum var líklega Katla 1500.

### English Summary

In connection with intended construction work on the site a test trench was dug into a ruin in Hádegishólar in Kópavogur. The aim of the excavation was to see if an older ruin was under the one visible on the surface, date the ruin if possible and try to figure out the function of it.

No older ruins were found under the one on the surface, but another ruin is visible west of this one and it could be contemporary or older. Tephrochronology suggests that the ruin is from 1550 - 1650 AD since the tephra in the wall was probably from Katla 1500 AD.






Mynd 4. Grímsstaðavör, yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Skurðirnir fjórir eru númeraðir og afmarkaðir með rauðum línum. Ljósmynd: Stefán Ólafsson

### 2.3 Grímsstaðavör í Reykjavík

<b>Leyfishafi:</b> Stefán Ólafsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017070071	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-81
<b>Staðsetning:</b> A 355740 N 407332	<b>Póstnúmer:</b> 107 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 21.7.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 1.8.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmda-rannsókn	<b>Aðferð:</b> hreinsun sniðs



Við framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar við grásleppuskúrana í Grímsstaðavör komu í ljós mannvistarlög. Í þessum framkvæmdum var unnið að jarðvegsskiptum undir göngustíg og var þetta liður í verkefni Reykjavíkurborgar sem nefnist „Betri hverfi“.

Þegar fornleifafræðingar voru kallaðir til var búið að grafa og skipta um jarðveg og var svæðið því opnað á ný til að freista þess að komast að því hvaða minjar hefðu sést við framkvæmdina.

Vestan við rannsóknarsvæðið er Grímsstaðavör og dregur hún nafn sitt af bænum sem hún tilheyrði en hann mun hafa staðið á svipuðum stað og húsið Ægissíða 62 stendur nú, sem er 80-90 m suðvestan við rannsóknarsvæðið. Grímsstaðir stóðu á Grímsstaðaholti og voru byggðir út úr landi Skildinganes. Niðurstöður rannsóknar á framkvæmdasvæðinu leiddu í ljós að það hafði verið nýtt sem efnistökusvæði. Ætla má að efnistakan hafi byrjað á svæðinu eftir að gjóskulagið sem kennt er við Kötlu K1500 féll og svo má ætla að landið hafi verið sléttað í lok 19. aldar. Breytt nýting á svæðinu kann að tengjast uppbyggingu

Grímsstaða en þeir voru byggðir upp af Grími Egilssyni 1842 út úr landi Skildinganes. Túnasléttunin gæti því hafa verið liður Grímsstaðabóndans til að stækka tún sín og/eða laga landið við vörina sem hefur orðið að athafnasvæði með tilkomu vararinnar. Efnistakan gæti aftur á móti hafa verið unnin frá Skildinganesi. Það má styðja þessa tilgátu með því að eldra nafn Grímsstaðaholts er Móholt sem hefur heitið svo vegna mótöku á svæðinu. Efnistakan á svæðinu kann því að hafa farið fram á 18. öld en sléttunin frá miðri 19. öld. Ekkert í rannsókninni gefur tilefni til nákvæmari tímasetningar.

### English Summary


When contractors working for the City of Reykjavík were replacing soil close to some fishing huts at Grímsstaðavör, archaeological remains were discovered. The soil replacement was part of a larger project called "Better Reykjavík" run by the City of Reykjavík. The soil replacement had already taken place when archaeologists arrived, and the trenches had to be re-opened. The investigation revealed that the site had been used as a turf and peat cutting area. It may be assumed that the peat and turf cutting had started in the area after a tephra layer from the Katla volcano (K1500) fell and was then levelled at the end of the 19<sup>th</sup> century. Grímsstaðavör is a boat landing place west of the studied area. It derives its name from the farm Grímsstaðir to which it belonged. Grímsstaðir has now been levelled, but it stood on a similar location to where Ægissíða 62 now stands, or 80-90 m southwest of the study area. Grímsstaðir was established by Grímur Egilsson in 1842 and prior to that the area belonged to a farm named Skildinganes. The peat-cutting may be related to peat-cutting activity in the 18<sup>th</sup> century from the farm Skildinganes, as in the Skildinganes place-name inventory the area is called Móholt, which means "peat-cutting area." The later levelling was likely due to changed land use in the area in the mid-19<sup>th</sup> century - from the first years of the farm Grímstaðir. Nothing in the study permits a more precise timing.



Mynd 5. Unnarbraut 32. Horft í skurðinn í átt að húsinu. Ljósmynd: Vala Garðarsdóttir.

## 2.4 Unnarbraut 32, Seltjarnarnesi

<b>Leyfishafi:</b> Vala Garðarsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Antikva ehf.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017090050	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-55
<b>Staðsetning:</b> A 409005 N 353881	<b>Póstnúmer:</b> 170 Seltjarnarnes
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 13.09.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 21.09.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdar- eftirlit	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Fornleifarannsókn og eftirlit á Unnarbraut 32. Grafinn var frárennslisskurður frá húsinu og út í götu. Skurðurinn var frá 98 cm til 1,2 m á breidd og 13 m á lengd. Í skurðinum kom í ljós hitaveitustokkur sem skipti honum í tvo hluta, svæði A og B.

Svæði A er nær húsinu og í þeim hluta kom í ljós, í sniðinu, mannvirki sem er frá 9. til 10. öld. Fundust leifar af torfvegg með landnámsgjósku í auk gólflags og móðskulags. Í sniðinu mátti líka sjá skeljalög og ruslslag sem lá yfir öllu en í því voru gripir frá 20. öldinni.

Á svæði B kom í ljós garður eða veggur sem lá þvert á skurðinn. Búið var að jarðvegsskipta að öðru leyti í öllum þessum hluta skurðsins fyrir utan garðinn sem slapp að mestu. Ruslalagið lá að hluta yfir garðinum. Garðurinn er sennilega frá sama tíma og mannvirkið en í honum var svipað torf með landnámsgjóskunni í. Garðurinn hafði líka verið endurhlaðinn eftir 1500 en torfleifar fundust með Kötlu 1500 í. Sennilega hefur garðurinn raskast við framkvæmdir á svæðinu þegar hitaveitustokkurinn og gatan voru lögð en sjá mátti rask ofan á honum. Garðurinn gæti verið leifar af túngarði eða varnargarði við sjó.

Það eru afar áhugaverðar niðurstöður að þarna sé að finna minjar frá 9. til 10. öld og er ekki óhugsandi að leifar af mannvirkinu nái lengra inn á lóðina.

### English Summary

Archaeological survey and surveillance control at Unnarbraut 32. A drainage trench was dug from the house to the street. The trench was from 98 cm to 1,2 m wide and 13 m in length. The trench revealed a heat duct that divided it into two parts: A and B.

Area A is near the house, and in that part a structure appeared, dating from the 9<sup>th</sup> to 10<sup>th</sup> century. Traces of turf wall were found with Landnám-tephra in as well as a floor layer and a peat ash layer. In the profile, you could also see layers of shellfish and a disturbed midden layer that lay over it, which contained artefacts from the 20<sup>th</sup> century.

Area B revealed a wall that crossed the trench. In all other parts of the trench on that side the soil had been replaced leaving only the wall that was largely intact. The disturbed midden layer lay partly over the wall. The wall is probably from the same time period as the building, but it contained similar turf as the building with Landnám-tephra. The wall had also been rebuilt after 1500 since turf remains were found with Katla 1500 in. It is likely that the wall was disturbed by construction in the area such as when the heat duct and street were laid, but evidence of that was present on top of the wall. The wall could be a remnant of an enclosure wall or a seawall.

It is very interesting that the site contains remains from the 9<sup>th</sup> to 10<sup>th</sup> centuries and it is not unthinkable that the remains of the structure go further into the yard.



Mynd 6. Nemendur við uppgröft á rústum Móakots á Seltjarnarnesi. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

## 2.5 Móakot, Nesi við Seltjörn

<b>Leyfishafi:</b> Sólrún Inga Traustadóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015040125	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-10
<b>Staðsetning:</b> A 353755 N 409714	<b>Póstnúmer:</b> 170 Seltjarnarnes
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 8.5.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 2.6.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um efnismenningu hjáleigu frá 18. öld og veita fornleifafræðinemum uppgrafarreynslu, en uppgröfturinn er hluti af námi þeirra í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Við uppgröftinn árið 2017 komu í ljós tvær nýjar byggingar (E og F) í NV hluta uppgraftarsvæðisins, liggja þær samsíða byggingu D sem er staðsett í NV horninu. Byggingar á bæjarstæði Móakots eru nú orðnar sex talsins. Yngsti veggur á húsi A var fjarlægður að mestu en öskuhaugur gekk undir hann að austanverðu. Kom í ljós að öskuhaugurinn gekk einnig undir eldri vegg á húsi A og heldur áfram í sniðinu til vesturs undir mannvirki A. Skurður 8 m x 35 cm (með stefnuna austur-vestur) var grafinn í öskuhauginn en enga gripir var að finna í honum. Haugurinn virðist samanstanda eingöngu af ösku og móösku úr eldstæðum og er um 40 cm þar sem hann er þykkastur. Hann liggur ofan á miðaldalaginu frá 1226 en grunur leikur á að Katla 1500 liggja ofan á honum að norðanverðu. Í sniðinu á skurðinum sást að linsur af móösku er að finna undir miðaldalaginu, líkt og fram kom við framkvæmdarannsóknir á svæðinu árið 2015 sem gerðar voru af Fornleifastofnun Íslands ses.

Grafinn var könnunarskurður, 2 x 2 m, í annan öskuhaug sem liggur norð-austur af uppgraftarsvæðinu, innan marka bæjarstæðis, en hann er yngri en sá sem liggur undir byggingu A. Í honum voru þykk dýrabeinalög, mest af fiski. Inn á milli voru ösku- og móöskulög. Öll lögin voru sigtuð og dýrabein varðveitt ásamt gripum. Í öskuhaugnum fundust m.a. tveir taflmenn: peð og biskup (sennilegast) úr beini.

Aðrir gripir sem fundust við uppgröftinn voru fiskisleggjur, sakka, draglóð, naglar, rónaglar, leirker, koparpynnur, dýrabein úr fugli, húsdýrum, fiski og hval, en tvö stór og vel með farin hvalbein fundust í húsi F. Annað er með

sjáanlegum höggföllum eftir hníf eða verkfæri.

Út frá mannvirkjum, jarðlagasamhengi og öskuhaugum að dæma er greinilegt að bæjarhús Móakots tilheyra nokkrum byggingarstigum og í ár komu í ljós a.m.k. tvö hús sem tilheyra eldra búsetustigi á staðnum. Þó er Katla 1500 enn sjáanleg í torfi á þessum byggingum (D-F). Stefnt er að áframhaldandi rannsókn á bæjarstæðinu á næstu árum.

### English Summary

The aim of the research is to gather information on the material culture of a tenancy in the 18<sup>th</sup> century as well as give archaeology students at the University of Iceland excavation experience, the excavation being a part of their study at the University. In 2017 two buildings (E & F) were discovered in the NW side of the excavation area, symmetrical to building D in the NW corner. Total number of buildings on the Móakot's farm mound is now six. The latest wall in structure A was partly removed in order to reveal the midden located on the east side. The midden however stretched under an earlier wall of structure A. A test trench was dug into the midden, (with the direction east-west); 8 m x 35 cm. The midden itself seems to consist exclusively of ash & peat ash from hearths with no artefacts. The midden measures about 40 cm at its thickest level and is located on top of the medieval tephra layer from 1226 AD. Tephra from 1500 AD (from the volcano Katla) seems to lie on top of it on the north side. In the profile of the test trench some peat ash patches were detected under the medieval layer from 1226 AD.

Another test trench of 2 by 2 meters was dug into another midden, located northeast of the excavation area on the farm mound. It's somewhat later than the one on the east side of structure A. It consisted of thick animal bone deposits, with ash and peat ash deposits. All the layers were sieved, and all animal bones were retrieved. Two chess pieces made of bone were discovered in the midden, a pawn (later phase) and a bishop (earlier phase). Other artefacts retrieved from the excavation were: fish hammers, sinkers, nails, rivets, ceramics, copper pieces, animal bones (of bird, domestic, fish and whale). Two big whalebones were discovered in building F. One of these has cut marks.


Looking at the stratigraphy, location of structures and middens it is obvious that the cottage Móakot has a few building phases and this year two new houses were discovered that belong to an earlier occupation at this site. Tephra from the year 1500 AD however can still be shown in the turf-walls of these buildings (D-F). Further investigation will be carried out at the site in the following years.



Mynd 7. Stóra Sel. Ólafur Þorsteinsson er tilbúinn að fjarlægja suðurgrunn hússins. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

## 2.6 Stóra Sel í Reykjavík

<b>Leyfishafi:</b> Lísabet Guðmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015010046	<b>Númer Þjóms:</b> 2015-2
<b>Staðsetning:</b> A 356117 N 408707	<b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 15.2.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.2.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmda-rannsókn	<b>Aðferð:</b> blönduð tækni



Vegna lokaframkvæmda á Stóra Seli, var haft framkvæmdaefirlit er undirstöður syðri veggjar hússins voru fjarlægðar. Svæðið sem var kannað var um 1 x 2,5 m. Undirstöðurnar voru hlaðnar úr lóbörðu grjóti en efst var eitt umfar af tilhöggnu grjóti. Undirstöður veggjarins voru grafnar ofan í móösku- og torfblönduð lög sem voru ofan á minjum sem tilheyrðu torfhúsi frá 18. til 19. öld. Neðst var stétt ásamt móöskulagi en þær minjar voru ekki fjarlægðar. Stéttin tilheyrir að öllum líkindum mannvirki 4 sem rannsakað var árið 2015 en hlutverk þess er óþekkt.

### English Summary

Due to renovation of the house Stóra Sel in Reykjavík, a watching brief was done whilst the southern wall of the stone house was removed. The area was about 1 x 2,5 m in size. The foundation of the wall was constructed from sea eroded stones but the top most stones were worked. The foundation was dug through peat ash and turf mixed layer which were on top of a turfhouse from the 18<sup>th</sup> to 19<sup>th</sup> century. At the bottom was a paved area which was most likely from building 4 which was partly dug in the year 2015.



Mynd 8. Hafnarstræti í Reykjavík. Vesturendi stéttar/grjótlagnar [007]. Horft í vestur. Ljósmynd: Stefán Ólafsson.

## 2.7 Hafnarstræti í Reykjavík

<b>Leyfishafi:</b> Hildur Gestsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017040001	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-6
<b>Staðsetning:</b> A 357061 N 408335	<b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 5.4.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 6.6.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdar- eftirlit	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Verkefnið fólst að mestu í framkvæmdaefirliti vegna framkvæmda í Hafnarstræti á milli Pósthússtrætis og Tryggvagötu, auk Kolasunds. Verið var að skipta um götubotna á þessum svæðum vegna endurgerðar gatna. Mjög mikið var um rask á framkvæmdasvæðinu vegna eldri lagnaskurða og framkvæmda. Stétt/hleðsla sem var með sömu stefnu og gatan kom í ljós sunnan megin við Hafnarstrætið á milli Pósthússtrætis og Kolasunds. Voru þetta einu óröskuðu minjarnar sem fundust á svæðinu.


### English Summary

The main aim of the project was to monitor the work associated with the re-development of Hafnarstræti between Pósthússtræti and Tryggvagata, as well as Kolasund. Most of the archaeology in the area had been disturbed by earlier developments. A stone pavement/revetment which ran parallel to the street on the southern side of Hafnarstræti between Pósthússtræti and Kolasund was recorded. This was the only undisturbed archaeological feature on the site.



## 2.8 Alþingisreitur, rannsókn á viðarstíg

<b>Leyfishafi:</b> Vala B. Garðarsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> VG fornleifarannsóknir
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017080048	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-42
<b>Staðsetning:</b> A 356846 N 408242	<b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b>	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b>
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmda-rannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um skil á eyðublaði um lok vettvangsrannsóknar hafa gögn ekki borist.

### English Summary


Information is not available.



Mynd 9. Skólabrú í Reykjavík. Austursnið skurðar. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

## 2.9 Skólabrú í Reykjavík

<b>Leyfishafi:</b> Lísabet Guðmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017050046	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-13
<b>Staðsetning:</b> A 357020 N 408164	<b>Póstnúmer:</b> 101 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 31.5.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 2.6.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Skólabrú er stutt gata sem liggur frá Lækjargötu í austri að Kirkjutorgi í vestri. Gatan fékk nafn sitt vegna brúar sem lá yfir Lækinn fyrir framan Lærða skólann. Árið 2015 fór fram fornleifarannsókn á lóð Lækjargötu 12 og kom í ljós skáli ásamt öðrum byggingum frá 10. og 11. öld. Eins og gengur og gerist í rannsóknnum í þéttbýli var skálinn raskaður vegna nútímaframkvæmda og vantaði þar á meðal norðurhluta hans. Langeldur var nyrst í varðveitta hluta skálans og þar sem eldstæði í skálum eru iðulega í miðri byggingu var ljóst að norðurhluti skálans gæti hafa náð inn undir eða jafnvel þvert yfir Skólabrú. Í samstarfi við Borgarsögusafn og Reykjavíkurborg var ákveðið að grafa könnunarskurði til þess að kanna hvort skálinn væri varðveittur undir Skólabrú ásamt því að kanna hvort aðrar minjar tengdar skálanum í Lækjargötu leyndust undir malbiki Skólabrúar. Við rannsókn kom í ljós að götustæðinu hafði verið raskað að mestu

fyrir utan eystri hluta þess en þar var varðveittur ruslahaugur sem kann að vera samtíða skálanum.

### **English Summary**


Skólabrú is a short street which lies between Lækjargata in the east and Kirkjutorg in the west. The street got its name from a bridge that led from Lærði skólinn school over the stream Lækurinn where the current Lækjargata is situated. In 2015 an archaeological excavation was conducted in Lækjargata 12 which revealed a Viking age longhouse from the 10<sup>th</sup> century. The building was truncated by modern structures, but the hearth was preserved next to Skólabrú 2. It was therefore possible that the northern end of the longhouse was preserved under the road and pavement in Skólabrú. Test trenches were dug to in the street to establish if the northern part was preserved but the whole area had been disturbed when the pipes and cables were dug in to the street. However, midden deposits were preserved at the eastern end of the area which might be contemporary to the longhouse.



Mynd 10. Loftmynd af húsgrunni holdsveikraspítalans í Laugarnesi. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

## 2.10 Holdsveikraspítalinn á Laugarnesi

<b>Leyfishafi:</b> Lísabet Guðmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017090046	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-49
<b>Staðsetning:</b> A 359668 N 408799	<b>Póstnúmer:</b> 105 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 25.9.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 26.9.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvar undirstöður holdsveikraspítalans í Laugarnesi væru staðsettar. Holdsveikraspítalinn var reistur árið 1898 af dönsku Oddfellow samtökunum. Grafinn var L laga könnunarskurður þar sem talið var að horn spítalans væri og fannst það þar. Húsgrunnurinn var hlaðinn af unnu hleðslugrjóti og var sement á milli steina.

### English Summary

The main aim of this research was to locate the foundation of the leprosy hospital that was built in 1898 by the Danish Oddfellows. An L-shaped trench was dug to locate the NE corner of the building. The foundation was found quite quickly, and it was made of worked basalt stones with cement in between.



Mynd 11. Árbær í Reykjavík. Vaskir starfsmenn uppgrافتar að störfum. Horft í suður. Ljósmynd: Margrét Björk Magnúsdóttir.

## 2.11 Fornar rætur Árbæjar í Reykjavík

<b>Leyfishafi:</b> Sólrún Inga Traustadóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Borgarsögusafn Reykjavíkur
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016060078	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-17
<b>Staðsetning:</b> A 362653 N 404777	<b>Póstnúmer:</b> 110 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 12.6.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 30.06.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> blönduð tækni



Markmið rannsókna í Árbæ er tvíþætt. Annars vegar að rannsaka búsetusögu býlisins og hins vegar að miðla fornleifarannsókn inni á safni til safngesta með fjölbreyttum miðlunarleiðum. Að þessu sinni fór opinn uppgröftur fram austan við núverandi bæjarhús Árbæjar, á svæðinu þar sem könnunarskurður 2 var tekinn sumarið 2016. Til þess að ákvarða staðsetningu svæðisins til norðurs og austurs voru teknir borkjarnar og svæði að stærð 6 x 8 m var opnað. Grafirn voru upp mannvistarlög frá 16. öld – fyrri hluta 20. aldar. Svæðið sem um ræðir er raskað af seinni tíma framkvæmdum á bæjarstæðinu. Í ljós komu leifar af þremur mannvirkjum.

Mannvirki 1: Grjót- og torfhláðin rúst staðsett ofarlega undir grasrót. Byggingin er mikið röskuð af skurði vegna vatnsinntaks sem lagt var um miðja 20. öld. Skurðurinn raskaði allri byggingunni að innanverðu og einungis hluti af torfveggjum byggingarinnar hafa varðveist. Í torfinu var mikið af K-1500 gjóskunni en einnig mátti sjá Miðaldalagið (frá 1226) í því. Byggingin liggur í sömu stefnu og núverandi bæjarhús Árbæjar. Byggingin er sennilegast ekki eldri en frá 19. öld.

Mannvirki 2: Grjót og torfveggur, ofarlega undir grasrót, sunnan við mannvirki 1. Veggurinn sem kom í ljós var aðeins um 1 x 1,2 m og mikið raskaður vegna vatnsinntaksins og mátti sjá leifar af honum í fyllingunum sem tilheyrðu vatnsinntakinu. Veggurinn er ógrafinn en virðist halda áfram til suðurs en ekki til norðurs. Virðist ekki innihalda K-1500 en í honum er að finna linsur af Miðaldalaginu.

Mannvirki 3: Möguleg bygging fyrir miðju uppgraftarsvæði upp við austursnið. Um er að ræða gulan torfvegg sem inniheldur mikið af K-1500. Undir veggnum er K-1500 *in situ*. Torfið heldur áfram í sniðinu til austurs og má því ætla að byggingin sé þar fyrir utan núverandi uppgraftarsvæði. Lítil könnunarhola var gerð um 1,5 m austur af austursniðinu en í henni var ekkert sjáanlegt gólf úr híbýlum manna, en mögulega úr skepnuhúsi. Má því ætla að um sé að ræða úti-hús frá um 16. öld.

Borkjarnar voru gerðir skipulega í gegnum öskuhaug bæjarins sem staðsettur er vestan við núverandi bæjarhús Árbæjar. Í ljós kom að haugurinn er um 17 m í þvermál (N-S) og 10 m (A-V). Alls voru teknir 11 borkjarnar í hauginn og í þeim mátti sjá móösku, ösku, viðarkol og dýrabein, bæði brennd og óbrennd. Einnig var sjáanlegt smá torf í nokkrum sýnum. Öskuhaugurinn liggur ofan á K-1500 til beggja hliða, eða til norðurs og suðurs. Hann er um 170 cm þar sem hann er þykkastur en þynnist út til norðurs, suðurs og vesturs. Haugurinn var í notkun frá því fljótlega eftir árið 1500 til 20. aldar þegar bærinn var yfirgefinn.

Helstu gripir: Járnnaugar ímiskonar, hnífbrót, dýrabein, hvítleir, pottabrot úr rauðleir, gler, koparhnappur með skreyti, koparþynnur, tinnubrot, hestaméli, lítil löm og þrjónn úr málm. Alls voru varðveittir 120 fundir sem skráðir hafa verið í Sarp.

### English Summary

The aim of the research at Árbær is twofold: 1) to investigate the history of inhabitation on the site b) to communicate the excavation and the information derived from it to the guests of the museum.

In 2017 open excavation took place east of the farm Árbær, where test trench 2 was dug in the year 2016. An area of 6 by 8 meters was opened which revealed cultural deposits from the 16<sup>th</sup> century to early 20<sup>th</sup> century. Three structures were discovered.

Structure 1: Small building of turf and stone which was already known from last year's excavation. It had been truncated by water pipes which were installed around 1960. The entire insides of the structure were gone, and only part of the walls remained. The turf in the wall was very colourful and consisted of both K-1500 tephra (Katla 1500 AD) and 1226 tephra (Medieval layer 1226 AD).


Structure 2: A fraction of a turf & stonewall, truncated by the water pipes. It consists of dark brown turf with 1226 tephra, but no K-1500 tephra. It remains unexcavated.

Structure 3: A possible building is situated up against the east profile of the site. A yellow turf-wall with big amount of K-1500. The wall doesn't have any stone foundation, like the others on site. It lies directly on top of K-1500 *in situ*. A small test pit was dug just east of the actual site in order to distinguish what type of a building it could be. No floor layers indicating human occupation were found in the test pit, so it looks like an outhouse built very soon after the eruption of Katla in the year 1500 AD.

Coring was carried out at the farmstead's midden, west of Árbær. The midden is approx. 17 m in diameter (from N-S) and 10 m (from E-W). A total of 11 core samples were taken at the midden which proved to be 170 cm at its thickest point. It lies on top of K-1500 and was probably in use right after the year 1500 AD until the 20<sup>th</sup> century when the farm was abandoned. It consists of peat ash, ash, charcoal, animal bones and turf/peat.

In terms of artefacts iron nails, knife fragments, animal bones, whiteware and redware (tripod pot), glass (mostly from bottles), copper button and plates, metal pin, horse bridle, small hinge and flint were found. 120 finds in total have been registered into Sarpur database.


Scott Riddell, Við04a, 21/09/17



Mynd 12. Viðey, snið í mýri. Ljósmynd: Scott Riddell

## 2.12 Sýnataka í Mjóumýri í Viðey, Impacts of medieval monasteries on the Icelandic landscape and society

<b>Leyfishafi:</b> Scott John Riddell	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017080062	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-82
<b>Staðsetning:</b> A 361040 N 410111	<b>Póstnúmer:</b> 104 Reykjavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 21.9.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 21.9.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> hreinsun sniðs



21. september 2017 fóru Scott Riddell (doktorsnemi) og Dr. Egill Erlendsson við Háskóla Íslands til Viðeyjar í þeim tilgangi að sækja jarðvegssúlu úr mómýri til rannsókna á fornumhverfi eyjarinnar (þ.e.a.s. rannsaka frjókorn, gró byrkninga og sveppa, örkol og jarðvegseiginleika). Hið undirliggjandi markmið snerist um landnotkun á miðöldum í samhengi við fyrri rannsóknir á staðnum. Mögulegur sýnatökustaður fannst við N: 64 09.944 W: 21 51.241 (Við04) þar sem jarðlög virtust óhreyfð og innhéldu gjóskulög frá Kötlu (um 1500 e.Kr.) og Reykjanesi (miðaldalagið, 1226 e.Kr.) sem afmarka tíma klaustursins í Viðey. Þar var einnig

nokkuð um vel varðveittar lífrænar leifar sem hefðu getað nýst til að fullgera aldurslíkan með geislakolsgreiningu. Hola (1x1 m) var grafin í mýrina niður á 80 sm dýpi til að kanna hvort óhreyft snið myndist. Könnun leiddi í ljós að landnámsgjóskan var ekki sýnileg í sniðinu sem eiginlegt lag og þar með ekki nýtileg til aldursgreiningar í sniði. Þá kom í ljós að miðaldalagið var á öðrum stöðum í sniðinu en þar sem það ætti að liggja sem gróf undan nytsemi þess til tímasetningar. Allt sem hægt er að segja með vissu um sniðið er að því hafði verið raskað á miðöldum, áður en Kötlugjóskan frá 1500 e.Kr. lagðist yfir svæðið. Sniðið var því dæmt óheppilegt til rannsókna og ekkert sýni var tekið. Vegna þess að heimildin tiltók einungis gröft á einni holu var ekkert frekar aðhafst og holan fyllt og tyrft yfir. Engin eiginleg mannvistarlög (torf, sót, viðarkol, brennd bein) voru sýnileg í holunni.

### English Summary

On the 21st September 2017, Scott Riddell (PhD student) and Dr Egill Erlendsson from the University of Iceland (Háskóli Íslands) visited the island of Viðey with the intention of acquiring a sediment core required to provide material necessary to conduct an investigation of the past environment and ecology of Viðey i.e. soil properties, pollen, coprophilous fungi and charcoal. The emphasis of the investigation is upon the medieval period and follows previous archaeological and palaeoecological work on the island. A potential sampling site was identified at N: 64 09.944 W: 21 51.241 (Við04) where strata appeared undisturbed and incorporated the Katla 1500 and Medieval 1226 tephra; the primary zone with regard to the medieval monastery. The presence of preserved plant material, especially mosses, also provided good potential for <sup>14</sup>C dating; required to supplement the tephra chronology. A pit c. 1m x 1m x 80cm was dug and the profile examined in situ in order to confirm whether or not it was suitable for core extraction. Inspection revealed the presence of the Landnám 871 tephra although there was no clearly defined layer. This negated its usefulness as a chronological marker. Furthermore, it was also discovered that the Medieval 1226 tephra itself was redistributed in the zone below its nominal place in the strata; again, negating its usefulness as a chronological marker. All that can be inferred from this is that the area was subject to human disturbance at some point prior to 1500. The selected sampling site therefore proved unsuitable for the purposes required of it and a core was not extracted. As permission from the authorities was only granted for the excavation of a single pit, no further action was taken other than to refill the pit and replace turves. No cultural layers i.e. turves, soot, charcoal, burnt bone etc., were encountered during sampling or in the excavated pit.




### 3. Vesturland



Mynd 13. Hallmundarhellir í Hallmundarhrauni, minjasvæði inni í hellinum. Ljósmynd: Kevin Smith.

#### 3.1 Hallmundarhellir í Hallmundarhrauni

<b>Leyfishafi:</b> Kevin Smith	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Haffenreffer Museum of Anthropology, Brown University
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017070072	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-37
<b>Staðsetning:</b> A 429773 N 482750	<b>Póstnúmer:</b> 311 Borgarnes
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 27.7.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 27.7.2017
<b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> lausafundur



Hallmundarhellir fannst árið 1956 og var fyrst kannaður fræðilega af Gísla Gestssyni árið 1958. Í skýrslu Gísla Gestssonar kemur fram að minjarnar í hellinum svipi að mörgu leiti til minjanna í Surtshelli, en séu þeim jafnframt ólíkar um margt: Á báðum stöðum séu miklar grjóthleðslur til að varna aðgangi að hellinum, í báðum hellum séu steinhlaðin mannvirki eða básar, með of lága veggi til þess að vera þakberandi. Í báðum hellum séu þyrpingar af óbrenndum, mölbrotnum beinum; í báðum sjáist ummerki eftir eld nálægt mannvirkjunum, en of litlar öskuleifar til þess að hægt sé að túlka minjarnar sem leifar af langtíma-, eða fastri búsetu. Óvissa hefur því ríkt um hver væri aldur minjanna í Hallmundarhelli.

Í fornum sögum og þjóðtrú hafa hellarnir í Hallmundarhrauni verið tengdir við alls konar fyrirbæri: Sem bústaðir trölla, bæli útlaga, staður fyrir ferðalanga og smala til að leita skjóls í undan veðrum og vindum eða ógnvekjandi staðir þar sem draugar og andar réðu ríkjum. Fornleifarannsóknir í Surtshelli og Víðgelmi hafa sýnt fram á að hellarnir voru notaðir af mönnum þegar á víkingaöld.

Markmið þessarar stuttu könnunarferðar var að afla betri þekkingar á gerð og aldri minja í Hallmundarhelli, og fá fornleifafræðilegan samanburð við aðra hella Hallmundarhrauns. Með því að aldursgreina dýrabeinaleifar til þess að fá staðfest hvort minjarnar væru frá 10. öld, eins og í Surtshelli og Víðgelmi, eða frá öðrum tíma.

Í daglangri könnunarferð okkar náðum við að kortleggja menningarminjarnar í hellinum og taka sýni úr dýrabeinum til aldursgreiningar, sem var nauðsynlegt til að geta svarað ofangreindum spurningum. Helstu niðurstöður okkar voru þær að uppdráttur Gísla Gestssonar hafi í aðalatriðum verið nákvæmur. Hins vegar reyndust sjálfar minjarnar vera mun flóknari en hann hafði gert sér grein fyrir. Beinin voru dreifð vítt og breitt um hellisgólfið, fremur en að vera staflað í hrúgu. Flestöll beinin virtust vera úr kindum, ólíkt beinasöfnunum í Surtshelli og Víðgelmi. Greining á beinunum benti til að þau væru flest úr unglömbum og fullorðnum kindum, sem hafði verið slátrað að sumri til eða að hausti, - aftur ólíkt því sem var í Surtshelli.

Fimm geislakolsaldursgreiningar sem gerðar voru á beinunum benda til þess að staðurinn hafi aðeins verið nýttur af og til frá síðari hluta 12. aldar og fram yfir miðja 13. öld, þ.e. á tímabilinu um 1180-1260, og bendir allt til þess að hellirinn hafi aðeins verið í notkun í fáein skipti á Sturlungaöld. Þessar niðurstöður sýna því fyrst og fremst að Hallmundarhellir var ekki í notkun á sama tíma og hinir hellar Hallmundarhrauns, Surtshellir og Víðgelmir.

### English Summary

Hallmundarhellir was discovered in 1956 and visited briefly by Gísli Gestsson in 1958. No archaeological work has been done there since Gestsson's visit. Gísli Gestsson's report indicated that the site had features both similar and different to those in Surtshellir: both have large stone walls restricting access into deeper parts of the cave, both have stone-built enclosures with walls too low to serve as roofed habitations; both have accumulations of unburned but fragmented bones; both have traces of fire near the stone constructions but too little ash to suggest long-term or regular habitation. Unfortunately, bones recovered by Gestsson in 1958 were never dated or analyzed and have since been lost; thus, the site's age was unknown.

Folklore associates the caves of the Hallmundarhraun with a wide range of things: as the homes of giants, dens of outlaws, safe places for travellers and shepherds to wait out bad weather, and places of fear haunted by ghosts and spirits. Excavations at Surtshellir and Víðgelmir have documented Viking Age use of those caves. The goal of this short reconnaissance project was to gain an understanding how Hallmundarhellir fit into the archaeology of the Hallmundarhraun – whether its features date to the 10th century, like Surtshellir and Víðgelmir, or whether they relate to other periods in Iceland's past. By dating the site and documenting the kinds of features, fauna, and material culture present in the site we hoped to understand its role in the use of the Hallmundarhraun lava field's cave system and how it fit into regional settlement systems.

In our short, one-day reconnaissance we were able to map the cultural features within the cave and to recover samples of bone that have helped to answer these questions. We were able to determine that Gísli Gestsson's map of the cave was generally accurate, but the archaeological features within it are considerably more complex than he realized.

Bones are distributed widely throughout the cave, rather than being piled, and all appear to be from sheep unlike more diverse assemblages from Surtshellir and Víðgelmir. Analysis of the bones indicates they represent young lambs and adult sheep slaughtered in


summer or fall – again unlike Surtshellir. Five radiocarbon dates on these bones indicate that the site was used episodically during the late 12<sup>th</sup> and 13<sup>th</sup> century, ca. 1180-1260. While it is possible that older remains could be present beneath the sand and rock that is filling the cave, all evidence from our investigations indicates that this is was an infrequently used but fortified cave in Iceland's interior, dating from the Age of the Sturlungs, representing a very different use of the Hallmundarhraun's caves than either Surtshellir or Víðgelmir.



Mynd 14. Loftmynd af rannsóknarsvæðinu á Arnarstapa 2017. Ljósmynd: Kevin Martin.

### 3.2 Arnarstapi – Commodity Entanglement – The archaeology of the danish trade monopoly

<b>Leyfishafi:</b> Kevin Martin	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016070020	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-27
<b>Staðsetning:</b> A 280319 N 482258	<b>Póstnúmer:</b> 356 Snæfellsbæ
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 28.8.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 8.9.2017
<b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Rannsóknin er hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni sem kallast “Commodity Entanglement: the Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787”. Fjórir misstórir skurðir voru teknir að Arnarstapa 2017, skurðir 6, 7, 8 og 9. Minjar var helst að finna í skurðum 6, 7 og 9. Í skurðum 6 og 7 var komið niður á torfbyggingu og tengda stétt. Hluta þriggja veggja var þar að finna, auk mögulegs steini-lagðs gólfs. Steinlögð stétt fannst, líklega utandyra, fast upp við vegg byggingarinnar. Byggingin sneri norðaustur-suðvestur, og hefur mögulega svipað til gangabæjar, með steini-lagðan gang, af hverjum herbergi hafa leitt. Uppgröfturinn var ekki nægilega stór til að hægt sé að segja til um nákvæma stærð og tilgang hvers herbergis byggingarinnar, en byggt á skráðum lögum má túlka gólfög í nokkrum herbergjum. Meðal annars voru steini-lagt gólf, viðargólf, og gólfög með móösku. Skurður 9 innihélt mikið af lífrænum leifum og fundum, meðal annars textíl og leður. Gripir sem fundust í tengslum við bygginguna benda til 17. eða 18. aldar. Líklegt er að byggingin sé ekki í beinum tengslum við verslun á svæðinu á tímum einokunarverslunarinnar, en byggt á þeim gripum sem fundust er líklegt að hún hafi tengsl við háttsett fólk á Íslandi, svo sem umboðsmann konungs sem var staðsettur á Arnarstapa á þessum tíma. Gripir eru, meðal annars, kítarpípabrot, brot úr vínglössum, leirker, svo sem

steinleir og faience, og brot af ofni með gljáðar keramikflísar. 150 fundarnúmer voru gefin út á vettvangi en heildarfjöldi gripar var um 1231.

### English Summary


The research is a part of a three-year research project called “Commodity Entanglement: The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787”. During the 2017 season a total of four test trenches were excavated at Arnarstapi, trenches 6, 7, 8 and 9. Archaeological remains were concentrated in trenches 6, 7 & 9. Trenches 6 & 7 contained the partial uncovered footprint of a turf-built structure and associated flag stone floor and cobbled yard. Parts of three separate walls were identified as well as a likely internal flagstone floor. A cobbled yard was also identified, and this was likely bordering the exterior of the structure. The structure was orientated NE-SW and would have had a central paved corridor running down the middle with rooms located adjacent to each other on each side of the corridor. The excavation area was not large enough to determine the exact dimensions and functions of individual rooms within the structure though based on the layers recorded, the floor layers in several rooms can be interpreted. These included a paved floor, wooden floor and a peat-ash floor. Trench 9 contained quite rich organic deposits and artefacts recovered included textiles and leather. Artefacts recovered associated with the structure indicated activity relating to the 17<sup>th</sup> & 18<sup>th</sup> centuries. It’s likely the structure wasn’t directly connected with the trade activity at the site during the monopoly period but based on the artefacts recovered it may relate to a high-ranking Icelandic official such as the Umboðsmaður who was based at Arnarstapi during that time. Artefacts including the remains of imported clay pipes, wine glasses, pottery vessels including stoneware and faience and a piece of glazed ceramic tile from a tiled oven. 150 finds numbers were issued during the fieldwork, but the total amount of individual finds recovered was 1231.



Mynd 15. Yfirlit yfir leifar bæjarhóls Miðvalla. Upp á myndinni snýr til norðvesturs. Ljósmynd: Kevin Martin.

### 3.3 Miðvellir - Commodity Entanglement - The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787

<b>Leyfishafi:</b> Jakob Orri Jónsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016070042	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-25
<b>Staðsetning:</b> A 276092 N 480789	<b>Póstnúmer:</b> 356 Snæfellsbær
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 15.5.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 19.5.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Rannsóknin er hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni sem kallast “Commodity Entanglement: the Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787”. Í framhaldi af rannsóknnum frá 2016 var skurður sem tekinn var þá stækkaður um 2x1 m. Líkt og 2016 kom í ljós torf- og grjóthrun frá því að bæjarhúsunum var rutt út, en yfirborðið frá 1956-1958, sem var svo greinilegt árið 2016 var ekki eins afgerandi í ár. Undir gamla yfirborðinu var komið niður á öskuhaug sem reyndist um 0,45 m að dýpt en þegar rannsókn lauk var skurðurinn um 0,90 m djúpur.

Ekki reyndist unnt að grafa í gegnum öll mannvistarlög, en prufuholur hvor í sínum enda skurðar leiddi í ljós mannvistarlög niður á um 1 m dýpt. Undir mannvistarlögum var moldarlag, og undir því var þétt lag óhreyfðrar moldar. Allt það efni sem grafið var upp var sigtað með það fyrir augum að hámarka gripafundi, sem reyndust nokkrir. Frumgreining á gripasafni því sem kom upp úr rannsókninni bendir til að öskuhaugurinn sé frá 17. öld, líklega síðari hluta þeirrar aldar.

#### English Summary

The aim of the research is to locate and investigate the midden of the farm Miðvellir in order to look into the social position of the farm as well as the inhabitants' consumption patterns. The artefacts retrieved by the excavation will be important in that research. Continuing from the 2016 investigations the trench from that excavation season was extended by 2x1 m. Like last year, this year's excavations revealed a layer of turf- and stone collapse from the farmhouse, but the surface from 1956-1958, which was quite clear last

season, was not very noticeable this season. Below the old surface there was midden material, which totalled c. 0,45 m in thickness, but when the excavations were halted the trench was c. 0,9 m in depth.

At the end of the investigation not all human occupation layers had been excavated, but test pits in either end of the trench revealed human occupation layers down to a depth of c. 1 m. Below the human occupation layers there was a layer of soil, and below that a dense layer of undisturbed soil.


All excavated material was sieved in hopes of maximising find recovery, which led to a good number of finds recovered. Preliminary finds analyses indicate a date of the late 17<sup>th</sup> century for the midden.



Mynd 16. Yfirlitsmynd af túni Hóláhóla á Snæfellsnesi. Horft til norðvesturs. Ljósmynd: Kevin Martin.

### 3.4 Hóláhólar - Commodity Entanglement - The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787

<b>Leyfishafi:</b> Jakob Orri Jónsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016070044	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-26
<b>Staðsetning:</b> A 265459 N 485084	<b>Póstnúmer:</b> 356 Snæfellsbær
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 22.5.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 25.5.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Rannsóknin er hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni sem kallast “Commodity Entanglement: the Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787”. Í framhaldi af rannsóknum frá 2016 var skurður sem tekinn var þá stækkaður um 2 x 1 m. Líkt og 2016 komu í ljós öskulög á um 0,20 m dýpi, þ.e. í grasrótinni, og voru meginniðurstöður þær sömu og 2016. Þó kom í ljós, á um 0,35 m dýpi moldarlag sem virðist hafa verið lagt niður til að slétta út hlíðina upp að bæjarhúsum Hóláhóla, en hlíðin er yfirleitt á milli 60° og 70°, en er nær 45° þar sem skurðurinn var tekinn.

Mannvistarleifar fundust niður á um 0,75 m dýpi, en undir þeim voru náttúruleg lög moldar og rotnaðra plöntuleifa.

Allt það efni sem grafið var upp var sigtað með það fyrir augum að hámarka gripafundi, sem reyndust töluverðir. Frumgreining á gripasafni því sem upp kom úr rannsókninni bendir til að öskuhaugurinn sé, að mestu, frá 17. öld.

#### English Summary

The aim of the research is to locate and investigate the midden of the farm Hóláhólar in order to look into the social position of the farm as well as the inhabitants' consumption patterns. The artefacts retrieved by the excavation will be important in that research. Continuing from the 2016 investigations the trench from that excavation season was extended by 2 x 1 m. As last year's excavation, this year's revealed midden material at c. 0,20 m depth, i.e. in the grassroots. The main results from the 2017 investigations are



largely the same as from 2016. The main difference is that this year a layer of soil was revealed which seems to indicate an attempt to flatten out the steep slope of the Hólahólar farm mound.

Human occupation layers were discovered down to a depth of c. 0,75, and below were layers of undisturbed soil and decomposed plant remains.


All excavated material was sieved in hopes of maximising find recovery, which led to a good number of finds recovered. Preliminary finds analyses indicate a date of the 17<sup>th</sup> century for the midden.



Mynd 17. Saurar á Snæfellsnesi. Uppgröftur í öskuhaug. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.

### 3.5 Verslun og hvalveiðar Hollendinga – Saurar, Hólahólar og Nýjabúð á Snæfellsnesi

<b>Leyfishafi:</b> Ragnar Edvardsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017060096	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-28, 29 og 30
<b>Staðsetning:</b> A 2640322 N 488498	<b>Póstnúmer:</b> 356 Snæfellsbær
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.7.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 1.8.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Grafið var í öskuhauga á þrem bæjarstæðum, Saura í Miklaholtshreppi, Hólahóla og Nýjubúðar í Snæfellsbæ. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að ná gripasafni, þ.e. krítarpípum, leirkerjum og gleri, úr öskuhaugum á völdum bæjarstæðum á Ströndum, Snæfellsnesi og sunnanverðum Vestfjörðum, til samanburðar við gripi frá hvalveiðistöðinni á Strákatanga svo og gripi frá bæjarstæðum í nágrenninu. Enn er verið að vinna með gripasöfnin en skráðir hafa verið gripir frá 17. - 20. öld.

#### English Summary

The main aim of the 2017 fieldwork was to excavate into middens from selected farm sites to obtain find assemblages for the period 1600 – 1900 and to compare them to assemblages from e.g. the whaling station at Strákatangi and farmsteads in the vicinity. Analysis of the finds are still underway.



Mynd 18. Ólafsdalur, horft inn dalinn til SSA. Rústirnar fyrir miðri mynd. Ljósmynd: Birna Lárusdóttir.

### 3.6 Ólafsdalur við Gilsfjörð

<b>Leyfishafi:</b> Birna Lárusdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017090076	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-51
<b>Staðsetning:</b> A 372735 N 548572	<b>Póstnúmer:</b> 371 Búðardalur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.10.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 3.10.2017
<b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Markmið rannsóknar var að varpa ljósi á eðli, aldur og umfang á fornum minjastað í Ólafsdal. Grafinn var skurður í skálalaga rúst (A) og auk þess borað með jarðvegsbor inni í meintu jarðhýsi (B) og á svæði umhverfis rústirnar.

Þétt, kolaborið gólflag fannst í rúst A og kolasýni úr því voru send í C14 greiningu í Glasgow. Byggingin er að öllum líkindum frá 9. eða 10. öld. Jafnvel þótt hin rústin (B) hafi ekki verið aldursgreind þykir líklegt að þar sé komið jarðhýsi frá víkingaöld. Engin afgerandi mannvistalög fundust í þriðja mannvirkinu sem kannað var lítilla með borkjörnum en þar gæti verið komið útihús eða aðhald af einhverju tagi.

Borkjarnakönnun sýndi ekki mjög afgerandi ruslalög sem vænleg væru til nánari skoðunar vestan eða austan við tóftirnar en greinileg mannvistarlög voru þó, torf og öskudreifar, einkum á milli tófta A og B og nálægt norðvesturhorni á tóft A.

#### English Summary

The aim of the research was to get an idea of the dating and extent of cultural layers of a newly found site thought to date from the Viking Age in Ólafsdalur, W-Iceland, both through test trenching and coring.

Charcoal samples were retrieved from a floor layer in a large hall (ruin A) and dated by C14 in Glasgow. The results give a date from ca. 9<sup>th</sup>-10<sup>th</sup> centuries. Another ruin north of it (B) was not dated but is believed to be the remains of a sunken hut building, also from the Viking Age.

Coring did not reveal substantial midden layers but cultural layers around the ruins were mapped, including sheet middens and turf layers, especially between ruins A and B and also close to the NW-corner of ruin A.


## 4. Vestfirðir



Mynd 19. Hrafnseyri við Arnarfjörð. Undirgangurinn eftir að ruslslag og grjóthrun hefur verið fjarlægð. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.

### 4.1 Hrafnseyri – Arnarfjörður á miðöldum

<b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060064	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-36
<b>Staðsetning:</b> A 296240 N 591852	<b>Póstnúmer:</b> 471 Þingeyri
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.8.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 1.9.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Rannsóknin er hluti af verkefninu *Miðaldir í Arnarfirði*, en megingilgangur þess er að skrá fornleifar og rannsaka valdar minjar um elstu byggð í firðinum.

Rannsóknin hefur staðið yfir síðan 2011 og sumarið 2017 voru tvö svæði opnuð þar sem svokallaður undirgangur liggur. Einnig var gerð prufuhola 1x2 m og einn skurður sem var 1x3 m. Borkjarnarannsókn fór að auki fram á milli kirkjugarðanna á Hrafnseyri.

Helstu niðurstöður voru að hinn meinti undirgangur sem rannsakaður hefur verið á Hrafnseyri er greinilega mannvirki. Grafið hefur verið meðfram kirkjugarði og fram í háan bakka sem jörðin stendur á. Renna þessi er um 1 metri á breidd (getur hafa verið aðeins breiðari) og er torf og grjót beggja vegna. Síðar hefur þessi renna verið fyllt upp með útmokstri úr eldstæði og öskuhaug. Ekki er hægt að fullyrða að þetta mannvirki sé undirgangurinn sem nefndur er í munnmælum og örnefum á svæðinu og sagt er að hafi verið flóttagöng Hrafnssona frá Sturlungaöld. Ljóst er að slík mannvirki tíðkuðust á þessum tíma en hafa ekki verið mikið rannsökuð. Engar vísbendingar fundust sem staðfesta að um flóttagöng sé að ræða né heldur afsanna þá kenningu. Þær niðurstöður sem fengust

Þó er að mannvirkið er vissulega manngert og líklega mjög gamalt. Kirkjugarðsveggur af kirkju sem er líklega aftekin á 13. öld hefur fallið ofan á hluta ganganna og ruslið sem notað hefur verið til að fylla upp í þennan niðurgröft er líklega gamalt. Líklegt er að mannvirkið sé frá miðöldum eða eldra. Gerð var könnunarhola á milli kirkjugarða til að kanna hvort stétt hafi verið á milli skála og inngönguholis í kirkjugarðinn. Svo reyndist ekki vera.

Annar skurður var gerður í túninu neðan við svæðið þar sem jarðhýsi var grafið upp á árunum 2012-2013. Þar kom í ljós svart kolalag sem er greinilega frá þeim tíma sem járn og kolavinnsla fór fram á Hrafnseyri, líklega á landnámsöld. Þessi niðurstaða stækkaði mikið það svæði sem greinilega var notað í þessa framleiðslu. Þó að ekki hafi fundist kolagrafir né járnofnar í skurðinum er ljóst af ummerkjum að þeir hafa ekki verið langt frá.

Kjarnabor var notaður til að kanna hvort einhverjar leifar af byggingum gætu verið á milli hins forna kirkjugarðs og núverandi garðs. Í ljós kom að fast við núverandi kirkjugarð fannst greinilegt torf á því dýpi sem landnámsminjar hafa fundist. Verður að telja nokkrar líkur á að þar séu fundin merki þess að skáli hafi á einhverjum tímamarki verið þar sem núverandi kirkja stendur enda fundust merki um hleðslur og önnur mannvistarlög þegar grafir voru teknar á síðustu öld.

### English summary

The research is a part of the project *Arnarfjörður in the Middle Ages*. The project's main goal is to conduct archaeological surveys and excavate selected archaeology dating from the first centuries of settlement in the fjord. The research started in 2011 and during the field season in Hrafnseyri in the summer of 2017, two areas were opened where the so-called underground tunnel is located. We also made two test trenches 1x2 m and one that was 1x3 m. A core research was also carried out between the cemeteries at Hrafnseyri. The main conclusions were that the alleged (escape) tunnel at Hrafnseyri is clearly a manmade structure. The tunnel was dug beside a cemetery wall and came to an end in a steep hill. This tunnel is about 1 meter wide (may have been a bit wider) and is made of turf and stones on both sides. Later, the tunnel seems to have been filled up with midden layers and ashes. It cannot be said for sure that this structure is the "escape tunnel" that has been preserved in the oral tradition and place names in the area. The story is that the sons of Hrafn made the tunnel to use in the 13<sup>th</sup> century civil war in Iceland called Sturlungaöld. No evidence was found to confirm or to deny that theory. The results obtained, however, are that the structure is certainly manmade and probably very old. A churchyard wall of a church that is probably comes out of use in the 13<sup>th</sup> century collapsed on a part of the tunnel and the midden layers used to fill this cut are probably old. It is likely that the structure is medieval or older.



Mynd 20. Auðkúla. Mynd af langeldi og þeim hluta skálans sem rannsakaður var sumarið 2017.  
Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.

#### 4.2 Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum

<b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060065	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-35
<b>Staðsetning:</b> A 294566 N 592183	<b>Póstnúmer:</b> 465 Bíldudal
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.8.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 1.9.2017
<b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Rannsóknin er hluti af verkefninu *Miðaldir í Arnarfirði*, en megingangur þess er að skrá fornleifar og rannsaka valdar minjar um elstu byggð í firðinum. Rannsóknin hefur staðið yfir síðan 2013 og sumarið 2017 var grafið á þremur stöðum á Auðkúlu. 5x10 m svæði var rannsakað í skálanum. Þar kom í ljós a.mk. 5 m langeldur og bekkir beggja vegna. Torf og grjóttveggir og möguleg viðbygging norðan við skála.

Lítið eldstæði fannst á bekk við hliðina á skálanum. Eldstæðið virtist samtíða skálanum en gæti mögulega hafa verið notað síðar, en áður en húsið féll. Mjög dæmigert gripasafn fannst sem bendir til 10.-11. aldar skála, gripir eins og ný glerperlur, brýni, snældusnúður, silfurbergsmolar, haus af exi o.s.frv. Haldið verður áfram rannsóknum á skálanum sumarið 2018.

Rannsókn hélt áfram við kirkjuna og var mannabeinafræðingur og stjórnandi Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar, dr. Guðný Zoëga, fengin til starfa í nokkra daga. Guðný staðfesti að um kirkjugarð væri að ræða með litlu bænhúsi en grafir virtust vera fáar í garðinum og virðast hafa verið tæmdar. Varðveisluskilyrði beina eru afleit og ef einhver bein hafa orðið eftir við tæmingu eru þau horfin vegna stórgrýttis jarðvegs.

Tekið var ofan af steinsetningu sem mátti greina rétt undir yfirborði, möguleiki er á að um kuml sé að ræða sem rannsakað verður sumarið 2018.

### English summary

The research is a part of the project *Arnarfjörður in the middle Ages*. The project's main goal is to conduct archaeological surveys and excavate selected archaeology dating from the first centuries of settlement in the fjord. The research started in 2014 and the summer of 2017 three areas were excavated. A 5 x 10 m area was opened over the longhouse. It showed 5 m long fire, hearth, and benches on both sides. Turf and rock walls, and a possible annex north of the longhouse.

A small fireplace was found on a bench at the side of the hall. The fireplace appeared to be contemporary to the longhouse but could possibly have been used later, before the house fell to ruins. Typical finds for the 10<sup>th</sup>-11<sup>th</sup> century were found, like nine glass beads, whetstone, spindle whorl, pieces of Icelandic spar and a head of an axe etc. The research of the longhouse will be continued in the summer of 2018.

A research was continued at the graveyard beside the longhouse. Dr. Guðný Zoëga, osteo-archaeologist, worked with us for a couple of days. Dr. Guðný confirmed that it was in fact a small cemetery with a small turf Capel in the middle, but it seems that there are few graves in the graveyard, which seems to have been emptied. Preservation of the bones is bad, and if any bones have been left during the emptying of the graves, they have disappeared due to soil conditions.

A stone setting was unearthed but not excavated, possibly a pagan grave. Research on the stone setting will continue in the summer of 2018.






Mynd 21. Kjaransstaðir í Dýrafirði. Hellulagður flór sem kom fram í skurði C. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir

#### 4.3 Kjaransstaðir í Dýrafirði

<b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017090025	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-47
<b>Staðsetning:</b> A 304104 N 600885	<b>Póstnúmer:</b> 471 Þingeyri
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 11.9.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 21.9.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdar-rannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Að beiðni Vegagerðarinnar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða könnunarskurði vegna fyrirhugaðrar veglagningar vegna Dýrafjarðarganga. Í samráði við Minjastofnun var ákveðið að gera skurð þar sem ystu mörk vegskeringa yrðu vegna breytinga á veginum inn Dýrafjörð. Í skurði A komu strax fram minjar: tvö lítil hús sem sástu illa á yfirborði vegna þess hve svæðið er stórþýft. Skurður A var 60 m og á 40 m kafla mátti auk bygginganna greina mannvistarlög. Ljóst varð strax að vegskeringar á þessu svæði væru of nálægt bæjarstæðinu. Eftir samráð við Minjastofnun voru gerðir skurðir þvert á skurð A og þá sást vel hvar mannvist endaði. Þá var afraðið að gera annan langan skurð

B og í honum var staðfest að engu mannvist var að finna þar. Afráðið var að færa veglínu í kjölfar niðurstöðu rannsóknarnar.

Skurður C var gerður í rúst sem sást móta fyrir á yfirborði. Í ljós kom að þessi rúst var miðaldafjós og er það frekar stórt. Kjaransstaðakoti er lýst sem koti sem fór í eyði fyrir 1600 en miðaldafjósið sem kom fram í skurði C bendir til þess að þarna hafi mögulega verið nokkuð stórt býli á miðöldum.

Skurður D var grafin í illgreinilegt aðhald sem reyndist vera torfhlaðin rétt með lambakró.

### **English summary**

At the request of Vegagerðin (Road Administration) the archaeological department of Náttúrustofa Vestfjarða carried out a research in connection with changes to the road leading to the Dýrafjörður tunnel. Trench A was dug in front of the ruins of Kjaransstaðakot and was 60 m long. Remains of two small houses were discovered in trench A along with cultural layers that are common in front of farmsteads. After consultation with Minjastofnun (The Cultural Heritage Agency), two additional trenches were made across trench A to mark where cultural layers ended. Then it was decided to make another long trench, B, alongside trench A confirming that no cultural layers were to be found there. A decision was made to move the road line following the results of the research.

Trench C was dug into a ruin that was barely visible on the surface. There we discovered a cowshed with a floor paved with flat stones most likely from the middle ages. Kjaransstaðakot was described as a small sublet that had been abandoned by 1600, but the medieval cowshed that appeared in trench C suggests that it might have been quite a large farm in the Middle Ages.


Trench D was dug in a structure beside the cowshed which turned out to be a sheep pen made of turf and stone.



Mynd 22. Kjörvogur. Öskuhaugurinn áður en uppgröftur hófst. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.

#### 4.4 Verslun og hvalveiðar Hollendinga - Birgísvík, Kolbeinsvík, Kjörvogur og Veiðileysa á Ströndum

<b>Leyfishafi:</b> Ragnar Edvardsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Rannsóknarsetur HÍ á Vestfjörðum
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017070067	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-38
<b>Staðsetning:</b> A 942500 N 606057	<b>Póstnúmer:</b> 524 Árneshreppur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.8.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 20.8.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Grafið var í öskuhauga á fjórum bæjarstæðum, Kolbeinsvík, Byrgísvík, Veiðileysu og Kjörvogi. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að ná gripasafni, þ.e. krítarpípum, leirkerjum og gleri, úr öskuhaugum á völdum bæjarstæðum á Ströndum, Snæfellsnesi og sunnanverðum Vestfjörðum, til samanburðar við gripi frá hvalveiðistöðinni á Strákatanga svo og gripi frá bæjarstæðum í nágrenninu. Enn er verið að vinna með gripasöfnin en skráði hafa verið gripi frá 17. - 20. öld.

#### English summary

The main aim of the 2017 fieldwork was to excavate into middens from selected farm sites to obtain find assemblages for the period 1600 – 1900 and to compare them to assemblages from e.g. the whaling station at Strákatangi and farmsteads in the vicinity. Analysis of the finds are still underway.



Mynd 23. Strákey. Eldstæði í norðurhluta verbúðarinnar. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.

#### 4.5 Strákey við Eyri í Kaldrananeshreppi

<b>Leyfishafi:</b> Ragnar Edvardsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016080027	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-39
<b>Staðsetning:</b> A 395789 N 594673	<b>Póstnúmer:</b> 510 Kaldrananeshreppur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 20.8.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 5.9.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Rannsóknin í Strákey er hluti rannsóknaverkefnisins "Hvalveiðar útlendinga við Ísland á 17. öld" sem miðar að því að rannsaka umfang og áhrif erlendra hvalveiðimanna á íslenskt samfélag á tímabilinu 1600 - 1700.

Sumarið 2017 var grafið í 5 x 5 metra stórri rúst, norðvestan við stóru rústina sem grafið var í árið 2016. Rústin reyndist vera leifar verbúðar og benti samsetning mannvistarlaganna til að hún hafi farið í eyði áður en hvalveiðimenn hófu búsetu í eyrni. Einn lítill skurður var grafinn í rúst norðan við stóru rústina og komu í ljós mikið magn múrsteina sem bendir sterklega til að sú bygging sé frá veru hvalveiðimanna í eyrni. Frekari rannsóknir eru áætlaðar í eyrni.

Niðurstöður rannsókna 2016 - 2017 í Strákey benda til þess að fyrir 1600 hafi verið verstöð í eyrni en að hún hafi verið aflögð áður en að hvalveiðimenn byggðu hvalveiðistöðina. Samsetning þeirra gripa sem fundist hafa benda til þess að hollenskir hvalveiðimenn hafi byggt stöðina í Strákey og gert þaðan út.

#### English summary

The research in Strákey is a part of a research project aimed at investigating whaling carried out by foreigners in the seas surrounding Iceland in the 17<sup>th</sup> century. The focus of the 2017 excavation was a 5 x 5 m ruin, situated to the northwest of the main building, which was excavated in 2016. This ruin was the remain of a fishing booth and the stratigraphic composition of archaeological units suggested that it had been abandoned before the foreign whalers began occupying the island. A small trench was excavated into a building to

the north of the main building and a large number of bricks were uncovered which suggest that it was built by whalers in the 17<sup>th</sup> century.

The main results of the 2017 excavations suggest that before 1600 there was a fishing station in the island, which had been abandoned before the whalers occupied the island. The composition of finds already recorded from the whaling phase suggest that the whaling station was built by Dutch whalers.


## 5. Norðurland vestra



Mynd 24. Þingeyrar. Staðsetning könnunarskurða. Ljósmynd: Landmælingar Íslands. Kortagerð: Hermann Hjartarson.

### 5.1 Þingeyrar í Húnaþingi – Klaustur á Íslandi

<b>Leyfishafi:</b> Steinunn Kristjánsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015020039	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-22
<b>Staðsetning:</b> A 435293 N 562331	<b>Póstnúmer:</b> 541 Blönduós
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.8.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 3.8.2018
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Markmið vettvangsferðarinnar sumarið 2017 var að finna vestari og eystri mörk klausturstæðisins á Þingeyrum (sjá meðfylgjandi kort/loftmynd). Í könnunarskurði 1, sem var grafinn vestast á rústasvæðinu, fannst veggur sem líklega er frá klausturtíma. Í honum fannst bæði landnámsgjóska og gjóska úr gosinu í Heklu árið 1104 en engin yngri gjóska. Samskonar torf fannst í kirkjuveggnum sem grafið var í árið 2015 og sömuleiðis í kirkjugarðsveggnum sem grafið var í árið 2016. Kolefnisaldursgreining á dýratönn styður einnig þessar niðurstöður, þ.e. að húsið sem rústin er af hafi verið í notkun á klausturtíma. Virðist rústin vera af eldhúsi ef marka má þykk móösku- og beinalög upp við vegginn. Engar grafir fundust nærri honum en það sýnir að kirkjugarðurinn hafi ekki náð svo langt í vestur.

Í könnunarskurði 2 fundust á hinn bóginn grafir og er líklegt að þær marki eystri endamörk kirkjugarðsins, jafnvel einnig frá því fyrir klausturtíma. Við hlið þeirra fannst einnig rúst húss. Gólfíð í því var fullt af kolum og gjalli sem bendir til þess að þarna hafi staðið smiðja. Í torfveggnum var landnámsgjóska og sennilega forsöguleg gjóska en ekkert sást af Heklu-1104 gjóskunni sem hefur verið áberandi í öllum öðrum torfveggjum sem grafnir hafa verið á svæðinu. Þetta gæti bent til þess að veggurinn sé frá tímabilinu 871–1104 og að hann hafi þá verið reistur löngu áður en klaustrið kom til sögunnar. Torf úr þaki og hruni

innihélt aftur á móti Heklu-1104 gjóskuna og bendir það til þess að einhver mannvirki hafi staðið þarna austast á svæðinu á klausturtímanum.

Þá fundust tvær kistugrafir í skurðinum. Þær voru teknar í gegnum mannvirkid og eru þær því yngri en það. Kisturnar voru ekki opnaðar en önnur kistan virtist vera frá síðmiðöldum eða síðar, sé horft til gerðar hennar. Í fyllingu grafarinnar fundust 39 laus bein sem höfðu tilheyrt fjórum einstaklingum en þar af var ein nærri heil beinagrind. Kolefnisaldursgreining á einu af þessum beinum bendir til þess að lausu beinin séu úr grófum sem teknar voru skömmu eftir kristnitöku hérlendis um árið 1000 og hugsanlega á sama tímaskeiði og byggingin þar var reist. Það er áður en klaustur var stofnað á Þingeyrum. Niðurstöðurnar verða því að teljast nokkuð óvæntar, því engar heimildir eru um kirkjugarð á Þingeyrum fyrr en með tilkomu klaustursins þar snemma á tólftu öld.

Með vettvangsrannsókninni 2017 tókst eigi að síður að afmarka ytri mörk rústa-svæðis Þingeyraklausturs, sem og aldur minja þar.

### English Summary

The aim of the research was to find the west and the east borders of the monastic complex at Þingeyrar. Test pit 1 was dug at the western end of the area. A turf wall was found that probably is from the monastic period. In the wall, landnam tephra and tephra from Hekla 1104 was present but no younger tephra. The same kind of turf was found in the church wall that was excavated in 2015 and in the churchyard boundary that was excavated in 2016. This is supported by C14 dating of an animal tooth. The wall seems to be a part of a kitchen, there are peat-ash and bone layers beside the wall. No graves were found in the pit, so it is unlikely that the cemetery extended that far west.

In test pit two graves were found and that area probably marks the eastern border of the cemetery. Beside the graves a turf structure was found. The floor in the structure was covered with slag and charcoal, which suggests that this could have been a smithy. In the turf wall the landnam tephra was present as well as a possible pre-historic tephra. No Hekla 1104 tephra was found in the wall which suggests that the wall was built between 871 and 1104 and is therefore not from the monastic period. The turf from a roof collapse on the other hand did contain the 1104 tephra and that suggest that a part of the structures in that area are from the monastic period. The house may also have been rebuilt then.

Additionally, two graves were discovered in test pit 2. They were cut through the turf wall and are therefore younger than the wall. The coffins were not opened but according to their shape they could be from late medieval times/post-medieval times. However, 39 loose human bones were found in the grave fill. They belonged to four individuals, where of one skeleton was almost complete. A sample was taken from the human bones and radiocarbon dated. Interestingly, the results suggest that there were burials at the site around the same time as the wall was built. This means that the turf wall and at least one grave at the eastern part of the area are from shortly after the Christianisation of Iceland around the year 1000 AD. This is before a monastery was founded at Þingeyrar. These results are surprising because there are no records of a cemetery at Þingeyrar before the monastic period that is thought to have started 1133.



## 5.2 Geldingaholt í Skagafirði

<b>Leyfishafi:</b> Guðmundur St. Sigurðarson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Minjastofnun Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017030106	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-86
<b>Staðsetning:</b> A 478449 N 565677	<b>Póstnúmer:</b> 561 Varmahlíð
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 23.6.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 3.8.2017
<b>Tegund rannsókna:</b> Könnunarrannsókn	<b>Aðferð:</b> blönduð tækni



Rannsóknin var könnunarrannsókn og var markmið hennar að kanna útmörk, þykkt og aldur mannvistarlagi á fyrirhuguðu byggingarsvæði til að hægt væri að taka upplýsta afstöðu til byggingaráforma og áhrifa þeirra á minjar. Fyrst var notast við kjarnabor og í framhaldi af því grafnir könnunarskurðir. Skurðirnir eða holurnar voru alls sex, stærsti 150 x 50 sm en hinir á bilinu 30 x 30–50 x 50 sm. Alls er áætlað að hafi verið grafnir um 3 rúmmetrar.

Í ljós kom að sunnan og vestan sökkuls gamla íbúðarhússins voru mannvistarlæg fremur þunn, eða á bilinu 30-40 sm þykk, hluti þeirra var undir óhreyfðu hvítu gjóskulagi (Heklu 1104). Nokkra metra suðaustan við sökkulinn eru leifar öskuhags, sem er 55-60 sm þykkur þar sem skurðurinn var tekinn. Öll lög í honum voru frá því eftir 1104, að öðru leyti óvíst með aldur.

Mannvirkjaleifar og þykkari mannvistarlæg, 160-180 sm þykk, eru á svæðinu norðan við sökkulinn og er þar komið inn í jaðar gamla bæjarhólsins. Í skurði 1 var m.a. komið niður á meint eldstæði, hugsanlega leifar smiðju. Grátt gjóskulag (líklega Hekla 1300) fannst á um 65 sm dýpi, yfir eldstæðinu, og var í fyrstu talið óhreyft (*in situ*) en ekki útilokað að það sé í torfi. Öruggar tímasetningar fengust ekki á þetta mannvirki að öðru leyti en að það er frá því eftir 1104, en slitur úr því lagi fundust undir hleðslum. Neðsta mannvistarlagið, þunnt móöskulag, var ekki hægt að aldursgreina út frá sýnilegum gjóskulögum og gæti verið eldra.



### English Summary

The aim of the research was to establish the distribution, dates and thickness of cultural layers on a construction site to be able to take informed decisions regarding the constructions and possible effects on cultural heritage remains. The area was selectively cored and based on the coring six small test pits where excavated, the largest 50 x 150 cm the rest 30 x 30-50 x 50 cm, in all it is estimated that roughly 3 m<sup>3</sup> where excavated.

The area south of the concrete foundation of the latest house (the one that burnt down and is being replaced) had an even distribution of low-density cultural layers, both above and beneath a tephra layer dated to AD 1104 from mount Hekla (H-1104). The thickness of the cultural layers ranged between 30-40 cm.

A midden deposit was discovered South East of the foundation, with 55-60 cm thick layers in the trench, all layers postdating the AD 1104 tephra.


North of the foundation cultural layers are thicker and of higher density, 160-180 cm thick. This was expected as this is a part of the old farm mound that stretches further North and North East. Structure remains were discovered in test pit 1, including remains of a hearth, possibly from a smithy, based on finds of slag (identified as hearth slag, as opposed to slag from iron production). A dark tephra layer, presumably tephra from mount Hekla dating to AD 1300 (H-1300), was discovered above the hearth, but could not be established as *in situ*. Patches of H-1104 were underneath this structure, so it is at least postdating AD 1104. Dates of the earliest layer, a thin midden layer in the trench could not be established but could be pre-1104.



Mynd 25. Borkjarnarannsóknir í Hegranesi. Megan Sheehan og Nicholas Zeitlin taka borkjarna fyrir ofan Svanavatn. Ljósmynd: Douglas Bolender.

### 5.3 Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjörður, North Iceland - Kjarnaboranir

<b>Leyfishafi:</b> Douglas Bolender	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> University of Massachusetts Boston
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016060065	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-77
<b>Staðsetning:</b> A 479170 N 576050	<b>Póstnúmer:</b> 551 Sauðárkrókur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 23.6.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.8.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> borun



Sumarið 2017 fóru fram fornleifarannsóknir á tólf jörðum í Hegranesi í Skagafirði. Rannsóknirnar voru í formi ítarlegrar könnunar með töku kjarnabora og könnunarskurða og var ætlunin að kanna aldur jarða og stærð þeirra í upphafi. Rannsóknirnar voru hluti af stærra rannsóknarverkefni, Skagfirsku kirkju- og byggðasögurannsókninni, þar sem allar jarðir í Hegranesi verða kannaðar með tilliti til aldurs og byggðapróunar. Jarðirnar tólf voru Keldudalur, Egg, Rein, Hamar, Ríp, Beingarður, Ás, Svanavatn, Garður, Keflavík, Utanverðunes og Helluland. Flestar jarðirnar sýna merki um byggð áður en gjóska féll úr Grímsvötnum eða Veiðivötnum ~1000 e.Kr. Keldudalur, Egg, Ríp, Ás, Svanavatn, Garður (Hegranesþing) og Helluland virðast jafnframt hafa verið í byggð á landnámsöld (870-930). Gjóska úr Heklu sem féll 1104 e.Kr. var notað sem leiðarlag varðandi skilgreiningu á elstu byggð. Árið 2017 var gerð ný fornleifaskráning og borkjarnar teknir á tveimur bæjum, Svanavatni og Beingarði, til að meta stærð bæjarstæðanna.

#### English Summary

The primary purpose of the coring survey in Hegranes was to identify buried domestic sites, to characterize the extent and periods of occupation on known farmsteads, and to

locate areas for small test excavations. Farm-mounds and surrounding areas were cored at the farms of Keldudalur, Egg, Rein, Hamar, Ríp, Beingarður, Ás, Svanavatn, Garður, Keflavík, Utanverðunes and Helluland. The main findings of the 2017 coring survey in Hegranes are as follows. These should all be taken as preliminary interpretations.

1. Most of the farms have evidence of domestic activity before the fall of the Vj~1000 AD tephra layer. Most of the farms show evidence of domestic activity before the fall of the mid-10th century tephra layer. Keldudalur, Egg, Ríp, Ás, Svanavatn, Garður (Hegranesþing), and Helluland were likely established during the historically identified settlement period (ca. AD 870-930).

2. The reconstruction of farmstead areal extent, based on the evidence for building collapse and midden found in the cores, shows a range of farmstead sizes among farms and some change in the size and location of farm buildings through time. New estimates were made for Beingarður and Svanavatn, which had not been previously surveyed. Svanavatn was 3,600 m<sup>2</sup>. Beingarður was 1000 m<sup>2</sup>.



Mynd 26. Hegranes. Haldið var opið hús í tengslum við rannsóknina og var þar m.a. sýnd tækni við fleytingu. Ljósmynd: John Steinberg.

#### 5.4 Rannsóknarskurðir á 12 jörðum í Skagafirði - Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjörður, North Iceland

<b>Leyfishafi:</b> John Steinberg	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fiske Center for Archaeological Research, Boston
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016060051	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-19
<b>Staðsetning:</b> A 478470 N 580800	<b>Póstnúmer:</b> 551 Sauðárkrúkur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 6.7.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.8.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Sex staðlaðar könnunargryfjur voru grafnar á árinu 2017 undir þessu leyfi. Ein við Beingarð, ein við Keflavík, tvær við Rein, ein við Hamar og ein aðeins stærri við Vatnskot. Könnunargryfjurnar voru hannaðar til að útvega aldursgreiningu, sérstaklega stofndagsetningar fyrir lögum og býli. Þessar gryfjur útvega stóran hluta af þeim gögnum sem safnað var fyrir rannsókn á búsetumynstri í Hegranesbyggð.

#### English summary

By comparing the farmstead establishment and size hierarchy to the geography of the Christian cemeteries, we can determine if there is a relationship between the two sequences. The results, in the context of our previous work in Langholt, will allow us to determine how important the long-term advantages of being first were to the subsequent development of secular and religious hierarchies. We will also look at the strength of economic and social path dependence during the colonization and the rise of Christianity.

We want to understand if the introduction of Christian institutions reinforced existing power structures or presented opportunities to reshuffle the economic and social order. The issue of path dependence is integral to studies of developing economic hierarchies, inequality, and the sustainability of human societies in the face of past and present environmental change.

Six standard test pits were excavated during the 2017 field season under this permit. One at Beingarður, one at Keflavík, two at Rein, one at Hamar and one slightly larger one at Vatnskot. The test pits were all designed to provide dating, particularly establishment dates, for features and farm. These test pits provide a major part of the data collected for a settlement pattern study of Hegranes.



Mynd 27. Hegranesþingstaður. Brian Damiata gengur um með CMD kannann í einstefnu-könnuninni. Ljósmynd: John Steinberg.

### 5.5 Hegranesþingstaður - Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjörður, North Iceland

<b>Leyfishafi:</b> John Steinberg	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fiske Center for Archaeological Research, Boston
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017060047	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-21
<b>Staðsetning:</b> A 478600 N 581500	<b>Póstnúmer:</b> 551 Sauðárkrókur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 23.6.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.8.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> fjarkannanir



Sjöttu jarðfræðirannsókn við Hegranesþing er lokið og voru 174 kjarnar teknir. Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að Hegranesþing hefur eitt, líklega tvö og jafnvel þrjú fornþýli, hvert með talsvert af öskuhaugum. Fyrsta þýlið, líklega frá árunum fyrir 950, er fyrir norðan hinn áberandi túnvegg, og virðist hafa raskast við byggingu veggjarins. Seinna þýlið er líklega frá árunum 950 til 1100. Það þýli er til móts við hinn sýnilega hringlaga kirkjugarð og hinn áberandi túnveggur er líklega tengdur þessu seinna þýli. Könnunaruppgröftur var framkvæmdur á haugum beggja þýla. Mögulegt er að þar gæti verið þriðja þýlið, hugsanlega frá árunum 1100 til 1300, nálægt öðru þýlinu en það hefur ekki verið staðfest.

#### English Summary

By comparing the farmstead establishment and size hierarchy to the geography of the Christian cemeteries, we can determine if there is a relationship between the two sequences. The results, in the context of our previous work in Langholt, will allow us to determine how important the long-term advantages of being first were to the subsequent development of secular and religious hierarchies. We will also look at the strength of economic and social path dependence during the colonization and the rise of Christianity. We want to understand if the introduction of Christian institutions reinforced existing power structures or presented opportunities to reshuffle the economic and social order.

The issue of path dependence is integral to studies of developing economic hierarchies, inequality, and the sustainability of human societies in the face of past and present environmental change.


A 6<sup>th</sup> geophysical survey was completed on Hegranesþing and 174 cores were taken. Preliminary results suggest that Hegranesþing has one, and probably two or even three early farmsteads, each with substantial midden deposits. The earliest farmstead, probably pre-AD 950, is to the north of the distinct tún wall, and appears to be disturbed by the wall construction. The second farmstead probably dates from between AD 950 and 1100. This farmstead is adjacent to the visible church and the distinct tún wall could be associated with this later farmstead. Test excavations were placed in the midden of both of these farmsteads. There may be a third farmstead, potentially dating between AD 1100 and 1300 near the second, but it has not been confirmed.



Mynd 28. Fornbýli á Hegranesi. Tyler Perkins, Sean Deryk og Megan Sheehan taka borkjarna við Túnfót. Ljósmynd: Kathryn Catlin.

## 5.6 Fornbýli Landscape and Archaeological Survey on Hegranes (FLASH): The Archaeological Investigation of Erosion and its Effect on Social Processes in the Arctic

<b>Leyfishafi:</b> Kathryn A. Catlin	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Northwestern University
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016060030/2017060037	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-79/2017-20
<b>Staðsetning:</b> A 478810 N 574080	<b>Póstnúmer:</b> 551 Sauðárkrókur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 23.6.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.8.2017
<b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> borun



Rannsóknirnar voru í formi ítarlegrar könnunar með töku kjarnabora og könnunarskurða á nokkrum fornbylum í Hegranesi. Ætlunin að kanna aldur jarða og stærð þeirra í upphafi, með sérstöku tilliti til umhverfisbreytinga. Sumarið 2017 fóru fram fornleifarannsóknir á sextán fornbylum á átta jörðum í Hegranesi, Skagafirði: Naustavík (á Utanverðunesi), Krika, Þrælagerði, og Grænakoti/Vík (í landi Keflavíkur), Minna-Ási, Næfurstöðum, Túnfæti, Hegrastöðum (í landi Áss), Hegrastöðum, Vatnskoti (í landi Svanavatns), Hendilkoti (í landi Hamars), Gerði, Stekkjarborg (í landi Keldudals), Minni-Egg (í landi Eggjar), Grænagerði og Kotinu (í landi Hellulands). Jarðsjármælingar voru gerðar á Þrælagerði og Kotinu, og uppgreftir fóru fram á Grænakoti/Vík, Minni-Egg, Gerði, Grænagerði, og Kotinu. Skurðir fyrir umhverfissýnatökur voru gerðir í Keflavík, Minna-Ási, Næfurstöðum, Túnfæti, og Kotinu. Gjóska úr Heklu sem féll 1104 e.Kr. var notuð sem leiðarlag varðandi skilgreiningu á elstu byggð. Öll fornbylanna voru byggð og komin í eyði fyrir 1104 e.Kr. Eftir 1104 voru beitarhús eða stekkir byggðir á sama stað og fornbylin. Elstu fornbylin reyndust Túnfótur og Næfurstaðir í landi Áss.



Uppsöfnun jarðvegs var yfirleitt lítil, um það bil 50 cm. Hún var mest innan túngarða, sem bendir til að torfveggir hafi verið mikilvæg vörn gegn jarðvegsrofi og þar með ýtt undir áframhaldandi framleiðni túna.

Flest fornbylanna lágu í þýfðu og veðruðu mýrarlandslagi. Til að skilja þróun mýranna voru sýni tekin til að mæla magn lífrænna efna í jarðvegi á mismunandi tímabilum (loss-on-ignition).

Jarðsjármælingar á Þrælagerði og Kotinu sýndu engin merki um byggingar neðanjarðar. Á tveimur stöðum, annars vegar í landi Áss og hins vegar í landi Svanavatns, eru minjar sem eru taldar af Hegrastöðum, meintu landnámsbýli í Hegranesi. Mannvist fannst á hvorugum staðnum en á báðum stöðum voru þó seinni tíma útihús.

### English Summary

The goal of the research was to identify, date, and ascertain the size of marginal medieval settlements on Hegranes, and to determine how their settlement history correlates with environmental changes. Cores were performed in farm mound areas, visible turf walls, and extensive fields at Naustavík (Utanverðunes), Kriki, Þrælagerði, Grænakot/Vík (Keflavík), Minni-Ás, Næfurstaðir, Túnfótur, Hegrastaðir (Ás), Hegrastaðir, Vatnskot (Svanavatn), Hendilkot (Hamar), Gerði, Stekkjarborg (Keldudalur), Minni-Egg (Egg), Grænagerði, and Kotið (Helluland). Excavations were carried out at Grænakot/Vík, Gerði, Minni-Egg, Grænagerði, and Kotið, along with environmental sampling profiles at Keflavík, Minni-Ás, Næfurstaðir, Túnfótur, and Kotið. Small geophysical conductivity grids were surveyed at Þrælagerði and Kotið.

Preliminary findings are as follows:

1. When fornbyli were inhabited for significant periods of time, it tends to be early (pre-1104). After 1104, little evidence of long-term habitation at fornbyli was observed, and many of these places were re-used as part of agricultural infrastructure for many centuries, in most cases after 1766.
2. Most sites consisted of midden material primarily containing charcoal and animal bones. Of the sites excavated in 2017, Gerði and Grænakot/Vík had middens that consisted of primarily peat ash, suggesting a different function for these sites. Analysis of botanical and faunal materials is ongoing.
3. Soil accumulation was generally shallow - approximately 50 cm, on average, from ground surface to gravel.
4. Geophysical survey at Kotið and Þrælagerði showed no evidence of buried architecture, though the visible surface structures and known midden areas were very clear.
5. The majority of fornbyli surveyed were located in cryoturbated landscape with eroded, higher land to one side, and wet, lower bogs on the other side. Loss-on-ignition samples were retrieved in an effort to quantify the development of mires over time at five of the sites. Analysis of the samples is ongoing.
6. No evidence of permanent long-term settlement was observed at either of the proposed sites for Hegrastaðir (on Ás and on Svanavatn), though both contained later turf structures, likely agricultural. The Svanavatn site also showed evidence of some form of animal barn prior to 1104.



Mynd 29. Rafstrengur í gegnum fótenda grafar í kirkjugarðinum í Keflavík, Hegranesi. Ljósmynd: Bryndís Zoëga.

### 5.7 Uppgröftur kirkju og kirkjugarðs í Keflavík, Hegranesi

<b>Leyfishafi:</b> Guðný Zoëga	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Byggðasafn Skagfirðinga
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015060056	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-16
<b>Staðsetning:</b> A 477271 N 581871	<b>Póstnúmer:</b> 551 Sauðárkrókur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 25.6.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 17.9.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Sumarið 2017 var haldið áfram með uppgröft kirkju og grafa í 11. aldar kirkjugarðinum í Keflavík í Hegranesi og var þetta þriðja og seinasta vettvangssumar rannsóknarinnar. Rannsóknin er hluti af Skagfirsku kirkju og byggðasögurannsókninni/Skagafjörður Church and Settlement Survey sem er samstarfsverkefni Byggðasafns Skagfirðinga og University of Massachusetts, Boston. Helsta verkefni sumarsins var að ljúka uppgreftri grafa í kirkjugarðinum auk kirkjunnar. Auk þess voru leifar kirkjugarðsveggjarins fjarlægðar til að kanna hvort undir honum leyndust grafir, en svo reyndist ekki vera. Önnur jarðlög innan garðs voru einnig rannsökuð nánar til að hægt væri að greina mismunandi notkunartímabil garðsins. Í lok vettvangsrannsóknna 2016 höfðu komið fram leifar mögulegrar smiðjubyggingar vestan og ofan við innganginn í kirkjugarðinn. Sumarið 2017 voru þessar leifar skoðaðar nánar og 5x4 m svæði umhverfis þær hreinsað. Í ljós kom horn smiðjubyggingar sem líklega hefur verið aflögð á 10. öld. Ofan á leifum smiðjunnar var upphlaðin stétt sem hefur

legið til vesturs frá innganginum í kirkjugarðinn, líklega að bæjarhúsunum. Sunnan við og meðfram stéttinni var svo grunnt ræsi sem lá að kirkjugarðshliðinu en þar greindist það og var greinanlegt bæði utan við og innan kirkjugarðsins. Gjóska frá 1104 lá yfir öllum þessum minjum. Einungis var hreinsað ofan af minjunum en þær ekki grafnar að fullu. Sumarið 2017 voru grafnar upp sjö beinagrindur, allar í suðurhluta garðsins. Voru það grafir fimm fullorðinna og tveggja barna. Alls fundust 50 grafir í garðinum sem innihéldu 46 beinagrindur, en fjórar grafanna höfðu verið tæmdar á 12. öld og beinin flutt úr þeim. Alls fundust 11 gripir við rannsóknina 2017, þar af voru átta líkkistunaglar, unnið hvalbein, hvítur steinn og brot af brýni. Niðurplægður rafstrengur lá í gegnum fjórar grafanna og hafði skemmt að hluta fótabein í tveimur fullorðinsgröfum og báðar barnsgrafirnar.

Uppgröfturinn leiddi í ljós timburkirkju með hornstoðum sem umlukin hefur verið torfvegg á tvær hliðar. Gólflötur kirkjunnar var 4x3,5 m og á austurhlið var kór, um 2x2 m að innanmáli. Timburgólf hefur verið í kirkjunni og mátti greina för eftir þverbíta og gólfborð. Kirkjan hefur verið gilduð upp eða endurbýggð a.m.k. tvisvar, seinast í upphafi 12. aldar. Við rannsóknirnar 2017 kom í ljós að kórnum hefur verið bætt við kirkjuna einhvern tímann á fyrri hluta 11. aldar, á sama tíma og torflag var lagt í garðinn austanverðan til að slétta úr honum en garðurinn lá í dálitlum halla. Þetta torflag lá undir kór kirkjunnar en annars upp að kirkjuveggjum. Rannsókn á jarðlögum í kirkjugarði bendir til þriggja greftrunarfasa.

Að lokinni rannsókn var gengið frá uppgraftarsvæðinu til framtíðar, þökur lagðar yfir svæðið og grasi sáð.

### English summary

The summer of 2017 was the third and last excavation season in the 11<sup>th</sup> century cemetery at Keflavík in Hegranes, Skagafjörður. The excavation was a part of the Skagafjörður Church and Settlement Survey, a collaborative research project run by the Skagafjörður Heritage Museum (Byggðasafn Skagfirðinga) and the University of Massachusetts, Boston.

The 2017 excavations were aimed at excavating the remaining graves as well as the church. The cemetery wall was removed in order to check if any graves lay under the wall, but no graves were found. Other contexts within the cemetery were also fully excavated revealing at least three distinct phases of burials. The excavations revealed the remains of a timber church with turf walls. The church had sunken corner posts and the visible remains of a wooden floor. The floor of the church measured 4x3,5 m internally with a small choir, 2x2 m at its eastern wall. The church had been rebuilt at least twice, the last time in the early 12<sup>th</sup> century. The 2017 excavation revealed that the choir was a secondary addition, possibly added in the early 11<sup>th</sup> century. Seven graves were excavated making a total of 50 graves in the cemetery. There were, however, only 46 skeletons as four graves had been emptied in the 12<sup>th</sup> century, probably when the cemetery was discontinued. Four of the 2017 skeletons had been damaged by the ploughing down of an electric cable in 2013. 11 artefacts were found, including eight coffin nails, a white stone, worked whalebone and a whetstone fragment. At the end of the 2016 season, building remains were discovered just west of the entrance to the cemetery. A 4x5 m area around the remains was cleared revealing the corner of a smithy which had probably been abandoned in the 10<sup>th</sup> century. On top of the smithy lay a raised walkway which probably connected the entrance of the cemetery with the associated dwelling. No remains of the dwelling were however found.



Mynd 30. Egg í Hegrnesi. Horft til suðurs eftir endilöngu sniði að vestanverðu í hlöðunni. Ljósmynd: Guðmundur Stefán Sigurðarson.

## 5.8 Egg í Hegrnesi

<b>Leyfishafi:</b> Guðmundur St. Sigurðarson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Minjastofnun Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2018020030	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-87
<b>Staðsetning:</b> A 478196 N 572698	<b>Póstnúmer:</b> 551 Sauðárkrókur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 10.5.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 10.5.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> björgunarrannsókn	<b>Aðferð:</b> hreinsun sniðs



Í byrjun maí 2017, barst ábending um að fornleifar hefðu komið í ljós þegar verið var að útbúa haughús undir fjóshlöðu á bænum Egg í Hegrnesi. Fornleifafræðingar Skagfirsku kirkju og byggðarannsókninni (SCASS) þau John Steinberg og Kathryn Catlin uppgötvuðu að fornleifar væru í sniði undir gólfi hlöðunnar þegar þau heimsóttu bændur á Egg í tengslum við rannsókn sína. Þau létu Minjastofnun vita og minjavörður Norðurlands vestra, Guðmundur St. Sigurðarson, fór og kíkti á staðinn ásamt Kathryn Catlin, starfsmanni SCASS og Áse Bitustøl starfsmanni Riksantikvaren í Noregi sem var í heimsókn hjá Minjastofnun á Sauðárkróki.

Framkvæmdirnar höfðu ekki komið inn á borð Minjastofnunar þar sem þær voru að öllu leyti innan núverandi hlöðu og talið var að jarðvegi hefði þegar verið raskað við byggingu hennar árið 1975.

Markmið rannsóknarinnar var einfaldlega að skrá og teikna upp sýnilegar minjar. Tvö snið hvort um sig 25 m að lengd og 2,5 m að hæð voru hreinsuð og ljósmynduð. Sniðið að vestanverðu var mælt og teiknað upp í heild sinni í skalanum 1:50 en látið var duga að teikna 8 m kafla að austanverðu, þar sem afgangurinn af sniðinu var mjög einsleitur.

Helstu niðurstöður voru þær að þarna eru ummerki um búsetu frá því fyrir 1104 en umsvifin eru umtalsvert meiri eftir það. Engin gjóskulög fundust yfir þessum mannvistarleifum sem sagt gátu nánar til um aldur þeirra. Engar byggingaleifar voru í sniðinu í vestanverðri hlöðunni en smáræði af torfi og grjóti fundust í sunnarlega í sniðinu að austan og benda til mannvirkis af einhverjum toga. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsókna SCASS á svæðinu, jarðsjármælinga, kjarnaborana og prufuskurða, frá 2016 og 2017 sem benda til að bæjarstæðið hafi verið á þessum slóðum bæði fyrir og eftir 1104 og einnig áfram eftir 1300.

### English summary

Archaeology was observed during construction work at the farm Egg in Hegranes, Skagafjörður, in early May 2017. The Heritage Agency of Iceland was alerted and the Heritage manager for NW-Iceland inspected the site on 10<sup>th</sup> of May. John Steinberg and Kathryn Catlin, archaeologists from the project SCASS (Skagafjörður Church and Settlement Survey) observed the archaeology by chance while visiting the farmer in connection with their project. The farmer was doing construction work on an old barn, deepening the floor inside, no work took place outside the barn and it was believed that the ground underneath had already been disturbed. The plans for the construction work had therefore not been sent to the Heritage Agency, as is otherwise the rule. However underneath the concrete floor of the old barn, the distinct white tephra layer from Hekla volcano, dated to 1104 AD, could be seen and archaeological deposits above and below the tephra. The aim of the research was simply to clean up the section and record what could be seen. At the western side of the barn the complete section was drawn in 1:50 all 25 meters. On the east side only the first 8 meters were drawn, as the rest of the section remained the same from 4 meters from the south wall onwards.

The research revealed low density cultural deposits before 1104 AD but the bulk of the archaeology was deposited after 1104. This is in accordance with archaeological investigations carried out in 2016 and 2017 by SCASS. Geophysical prospection, coring and test excavations revealed that Egg is a complex and early farmstead, with indications of low activity between 1000 and 1104 but increased after 1104.



Mynd 31. Leifar áður óþekktis fornbylis á austurbakka Flókadalsvatns í Fljótum. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

## 5.9 Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar XI

<b>Leyfishafi:</b> Guðný Zoëga	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Byggðasafn Skagfirðinga
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017050109	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-78
<b>Staðsetning:</b> A 500354 N 607442	<b>Póstnúmer:</b> 570 Fljót
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 15.6.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 28.10.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> blönduð tækni



Síðan 2003 hafa starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar og Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga verið í samstarfi um rannsóknir á fornum byggðaleifum í Skagafirði, undir merkjum verkefnisins *Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar*. Alls hafa um 140 staðir verið rannsakaðir með könnunarskurðum eða kjarnaborum en þar fyrir utan hafa fjölmargar minjar verið mældar upp. Rannsóknirnar hafa bætt miklu við fyrirliggjandi þekkingu á aldri, gerð og legu elstu byggðaleifa í héraðinu. Rannsóknirnar 2017 voru unnar að hluta í tengslum við útgáfu níunda bindis *Byggðasögu Skagafjarðar*, sem á að koma út haustið 2019.

Sumarið og haustið 2017 fóru fornleifarannsóknir fram á 26 minjum (fornbýlum, seljum og bæjarstæðum) í tengslum við verkefnið. Níu minjar voru frá því fyrir 1300 og sex þeirra frá því fyrir 1104. Um var að ræða staði í Fljótum og Stíflu. Rannsóknirnar fóru að mestu fram í formi borkjarna en könnunarskurðir voru einnig teknir í meintan kirkjugarð á Gautastöðum í Stíflu. Auk þessa voru fjölmargar minjar mældar upp þó svo að aldur þeirra væri ekki kannaður nánar.

### English summary

Since 2003, the Skagafjörður Heritage Museum and the local history project have, in collaboration, been researching the oldest settlement remains found in Skagafjörður.

Through the project 140 sites have been examined by coring or test trenches. Many sites have also been surveyed and measured. In total 26 sites were examined in the summer of 2016. The research area extended over the area of Fljót in Skagafjörður. Many of the sites (6/23) dated to before AD 1104 and (9/23) to before AD 1300.



Mynd 32. Horft úr lofti niður á meintan kirkjugarð á Gautastöðum í Fljótum, hringlaga myndun hægra megin við læk. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

### 5.10 Meintur kirkjugarður á Gautastöðum í Fljótum

<b>Leyfishafi:</b> Guðný Zoëga	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Byggðasafn Skagfirðinga
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016050057	<b>Númer Þjóms:</b> 2016-30
<b>Staðsetning:</b> A 499698 N 609358	<b>Póstnúmer:</b> 570 Fljót
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 16.5.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 16.5.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurðir



Svæðið sem var skoðað er meintur kirkjugarður á Gautastöðum í Fljótum, Skagafirði. Land Gautastaða hvarf að hluta undir uppistöðulón Skeiðfoss-virkjunar um miðja 20. öld og þá fór bærinn í eyði. Heimildir eru um fallið bænhús á Gautastöðum 1480 og mannabein fundust í vatnsborði skömmu eftir að lónið var stíflað. Árlega, þegar lágt er í lóninu, koma leifar meints kirkjugarðs og annarra byggingaleifa í ljós. Kirkjugarðsleifarnar koma fram sem 15 til 18 m hringlaga myndun og eru flatir steinar, líklega úr undirstöðu byggingar og/eða hluti af stétt, nokkurn veginn fyrir miðju hrings. Meirihluti hringsins er venjulega neðan vatnsborðs en 1-2 m af vestasta hluta hans liggur undir vatnsbakkann sem brýtur af.

Ljóst er að yfirborðsjarðvegur, þar með talið veggjatorf, er horfinn ofan af minjunum og um 10 cm þykkt sand/malarlag þekur svæðið. Sandurinn myndar smá upphækkun innan hringlaga svæðisins. Sandlagið var hreinsað og þrír litlir könnunarskurðir teknir. Ljóst var að garðurinn hefur legið ofan á skriðu og var jarðvegur neðan sandlagsins gróf, moldarblandin skriðumöl sem erfitt var að grafa í. Í fyrsta skurðinum var grafið niður um 20 cm og fundust mjög óverulegar illa farnar smjörkenndar beinaleifar sem ekki var hægt að greina sem mannabein. Engin merki fundust um útlínur grafa eða greinanlega graffyllingu. Í skurði tvö kom einungis fram ósnert skriðumöl. Í þriðja skurðinum var rótaður jarðvegur sem hefði getað verið graffylling með flekkjum af forsögulegri gjósku (H3). Örlitlar smjörkenndar beinaleifar fundust í skurðinum en komið var niður

á óhreyfða skriðumöl á um 20 cm dýpi. Þar sem enginn jarðvegur var reyndist ekki unnt að aldursgreina minjarnar.

Útlit minja, og það að þarna fundust mannabein um miðja 20. öld, bendir til að þarna sé líklega kirkjugarður en rannsóknin staðfesti það ekki á óbyggjandi hátt. Um 50-100 cm af jarðvegi hafa skolast af yfirborði garðs og ef einhverjar grafir eru eftir er það líklega aðeins botn þeirra þar sem þær hafa verið mokaðar niður í skriðumölin. Varðveisla þeirra beinaleifa sem fundust gefa ekki tilefni til að ætla að frekari rannsóknir skili miklum niðurstöðum.

### English summary

The farm of Gautastaðir in Skagafjörður, North Iceland was partially submerged during the creation of a reservoir for the Skeiðfoss power station, in the middle of the 20<sup>th</sup> century. The submerged remains included the those of an early church and cemetery, which written sources mention as being already abandoned in AD1480. Soon after the reservoir was flooded, human bones were found on the lake shore. The area where the bones were reportedly found lies just below the shore line. The area demarcating the supposed cemetery is circular about 15-18 m in diameter. Large flat stones lie in the middle of the circle, probably the foundation of a building and/or pavement.

All surface soil had been washed away from the area, including turf-walls and building remains apart from a few large foundation stones. The area was covered with 10 cm sand/gravel layer. The layer was cleared off in three places within the circle and three small test trenches were taken. It was obvious that the cemetery had been placed on top of a coarse scree which lay just underneath the surface sand layer. The first test trench was 20 cm deep and the soil contained very badly preserved bone fragments that could not be confirmed to be human. The second test trench only contained scree material but the third obviously had mixed material which contained prehistoric tephra and badly preserved bone material. The material in the third trench might indicate grave fill but it could not be confirmed.

The results suggest that little may remain of the graves, probably only their very bottom where they have been cut into the scree. The extremely bad preservation of bone and the complete lack of any building remains makes further research difficult. However, what little is still visible of structures does suggest this could have been an early Christian cemetery, supported by earlier bone finds in the area.




## 6. Norðurland eystra



Mynd 33. Dysnes. Drónamynd tekin af rannsóknarsvæðinu undir lok rannsókna. Ljósmynd: Lisabet Guðmundsdóttir.

### 6.1 Dysnes í Hörgársveit

<b>Leyfishafi:</b> Howell M. Roberts	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017050104	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-14
<b>Staðsetning:</b> A 536868 N 590375	<b>Póstnúmer:</b> 601 Akureyri
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 6.6.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 20.7.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Vegna deiliskipulagsvinnu og fyrirhugaðra framkvæmda á Dysnesi í landi Syðri-Bakka og Pálmholts í Hörgársveit óskaði Hafnasamlag Norðurlands eftir að Fornleifastofnun Íslands annaðist rannsókn með uppgrefti á svæðinu. Var rannsóknin gerð í samræmi við óskir Minjastofnunar Íslands og fólst einkum í að skera úr um hvort ummerki á tilteknum stöðum væru fornar mannvirkjaleifar. Uppgröftur hófst 6. júní 2017 og honum lauk 20. júlí sama ár. Örnefnið „Dysnes“ gefur til kynna að þar séu eða hafi verið dysjar, en slík örnefni er einnig að finna um hóla sem eru verk náttúrunnar. Dysnes hefur náð lengra í sjó fram en talsvert landbrot er þar með ströndinni. Á Dysnesi eru nokkrar dokkir sem minna á rofin kuml er fundist hafa annars staðar, m.a. á Kumlholti sem liggur

við sjávarbakkann, nærri Pálmholtslæk í SA-horni deiliskipulagsreitsins. Ein slík var áberandi á rannsóknarsvæðinu áður en rannsókn hófst á staðnum. Við rannsókn á Dysnesi sumarið 2017 komu í ljós leifar af stórum kumlateg, með sex gröfum, haugum og bátkumlum. Nær teigurinn yfir u.þ.b. 300-350 fermetra svæði, en gæti hafa verið stærri, t.a.m. hefur landbrot eflaust eytt austustu kumlunum. Um allan kumlateginn mátti sjá að grafið hafði verið í og við haugana og grafirnar fyrir mörgum öldum síðan. Mögulega eru það ummerki um forvitnisgröft eða grafarrán, eða jafnvel hefur raskið verið hluti af hinum heiðna greftrunarsíð. Dysnes er óvenjulegur minjastaður. Algengast er að íslensk kuml eru fremur lítið áberandi, en á Dysnesi eru nokkrir stórir haugar. Auk þess eru þar tvö bátkuml, en slík kuml eru einnig fágæt hér. Loks hafa óvenju mörg vopn fundist í þessum gröfum. Silfurgrípir, sér í lagi fingurbaugar, eru og fágætir. Athyglisvert er að þrátt fyrir að öllum kumlum á Dysnesi hafi verið talsvert raskað, jafnvel oftast en einu sinni farið í þau og kumlín við ströndina talsvert skemmd, þá hefur staðurinn enn geymt öll þessi dæmi um þau atriði sem teljast sjaldgæf í íslenskum kumlafræðum. Er líklegt að Dysnes hafi ekki verið hefðbundinn heimagrafreitur, heldur jafnvel haft tilteknu hlutverki að gegna á héraðsvísu. Að þessu sögðu má nefna að Dysnes minnir einna helst á hina merkilegu kumlfundi á Dalvík, með haugum sínum og bátkumlum. Myndin af heiðnum greftrunarsíð á Íslandi hefur tekið nokkrum breytingum á síðustu árum, í ljósi nýrra kumlfunda og nýrra aðferða við rannsóknir. Má þar nefna rannsóknir á Litlu-Núpum í Aðaldal, Ingiríðarstaðir í Þegjandadal og Hrífunesi í Skaftártungu. Ljóst að Dysnes er einn af allra merkustu kumlfundum hér á landi til þessa.

### English Summary

Dysnes is the name of a small headland on the west coast of Eyjafjörður in northern Iceland, some 16 km north of Akureyri. “Dys-” suggests burial but the name is only recorded in the second half of the 20th century along with a report of human bones eroding from the seaward side of the promontory. A single depression with dimensions suggestive of a reopened grave was the only surface feature visible on the site prior to excavation. An archaeological investigation of the site was carried out in June and July 2017 because of plans to build a container harbour on this stretch of coast (Roberts 2017). The excavation revealed six tightly spaced grave monuments and a possible seventh feature, all containing grave goods and human and/or animal bone. The site is located on a small headland and three of the monuments had been truncated by coastal erosion. It is possible that parts of the cemetery have been entirely lost to the sea. Dysnes is unparalleled in that its unusually densely spaced grave monuments all seem to have been richly furnished and there are no graves that can be characterized as average or poor. Several pre-Christian cemeteries have been investigated in Iceland in recent years. Among those are comprehensive excavations of the cemeteries at Litlu-Núpar and Ingiríðarstaðir which have provided a wealth of new data on pre-Christian burial custom in Iceland. Among intriguing developments coming out of these research projects, and others of a more limited scale like Hrífunes, is evidence for superstructures associated with many of the graves and indications of re-opening and possibly re-deposition of materials in the graves. Dysnes has considerable evidence of this nature with all the excavated features showing clear signs of multiple re-opening events in antiquity. In some cases, it is demonstrable that the re-opening happened very soon after the initial interment and that it involved intentional rearrangement of grave goods and bones, suggestive of more complex and drawn-out funerary processes than current models of pre-Christian mortuary ritual allow for.



Mynd 34. Svalbarðseyri. Norðurhlið skurðar horft til vesturs. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir.

## 6.2 Svalbarðseyri við Eyjafjörð

<b>Leyfishafi:</b> Katrín Gunnarsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> N/A
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017090086	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-54
<b>Staðsetning:</b> A 541836 N 585234	<b>Póstnúmer:</b> 601 Akureyri
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 26.9.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 27.9.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> hreinsun sniðs



Minjastofnun lagði til að grafnir yrðu sex profuskurðir gegnum fyrirfram ákveðna byggingarreiti á deiliskipulagi nýs byggingarsvæðis og fengu þeir númerin 1-6. Eftirfarandi kom fram:

Aðeins einn skurður, skurður nr. 3 hafði að geyma minjar, og aðeins á norðurhliðinni, en skurður nr. 3 er lengsti skurðurinn og liggur hann gegnum lóðirnar Bakkatún 2, 4, 6, 8 og 10. Til að fylgja hellugólfi við yfirborðið var grafinn annar skurður út frá vesturenda hans að lengd 9,5 metrar, hæð 1,5 metrar og breidd 2 metrar og komu þá ljós mannvistarleifar sem lágu við botn skurðarins.

Þótt rannsóknin hafi verið takmörkuð, gefur hún tilefni til að draga þá ályktun að byggingaleifarnar sem komu fram í neðst í skurðsniðinu geti verið frá býlinu Sjávargerði sem getið er um í Jarðabókinni 1712 þar sem segir að talað sé um að þar hafi í fyrndinni byggð verið, svo sem líklegt sýnist af girðinga- og tóftaleifum. Miðað við öskulögin sem þar liggja í torfi frá 1104 og óhreyfða öskulagð sem liggur yfir að hluta frá 1300 og annað frá 1470 er e.t.v. raunhæft að ætla að svo sé, og miðað við að milli veggjatorfsins og öskulagsins er moldarlag, má ætla að búsetu hafi lokið allnokkru fyrir 1300. Út frá þessari rannsókn er þó ekkert hægt að álykta frekar um stærð eða gerð þessa mannvirkis.

Minjarnar liggja ekki á fyrirhuguðum byggingarreit neinna lóða. Fjarlægð frá suðausturhorni byggingarreits á lóð nr. 4 er um 8 m að vesturenda skurðarins. Þá má einnig ganga út frá að steyppt plata sem kom í ljós og niðurgroftur með hleðslulögn og steypu röri sé frá býlinu Eyrarbakka, sem var yfirgefið endanlega um 1960.

Að geftri loknum var fyllt aftur í skurðina með efni því sem upp úr þeim kom. Í skurðinn þar sem komið var niður á fyrrgreindar minjar, var lagður jarðvegsdúkur áður en fyllt var í hann aftur.

### English Summary

The Cultural Heritage Agency of Iceland proposed that six test trenches were to be excavated in predetermined building lots on the new land use plan. They were numbered from 1 to 6. The following emerged:

Only one trench, trench no.3 yielded remains and only at its northern side. Trench no. 3 is the longest trench, and lies through the lots of Bakkatún 2, 4, 6, 8 and 10. In order to follow a pavement of stone slabs on the surface another trench was dug out from the western end of the trench, at length of 9,5 meters, depth of 1,5 meters and width of 2 meters, and then remains of old settlement appeared at the bottom of the trench.

Although the archaeological investigation was limited, there is reason to conclude that the structural remains that emerged at the bottom of the cross section might be of the farm Sjavargerði, mentioned in Jarðabók 1712 where it is stated that a long time ago there was an inhabited area which could be seen there by remains of fences and ruins. The ash layers in the peat, dating from 1104 and the untouched ash layers from 1300 and 1470 covering part of it, may indicate that this is in fact the case. Considering that between the turf in the walls and the ash layer is a layer of dirt it can be concluded that the structure was abandoned by the occupants a considerable time before 1300. Nothing further can be concluded about the size or type of the structure from this limited investigation.

The archaeological remains were not found on the proposed building lots. The distance from the south-east corner of the building lot of no. 4 is around 8 meters from the westernmost end of the trench.

It can also be concluded from the findings in trench 3 that a concrete slab that emerged and a molten pipe supported by a stone pavement is from the farm Eyrarbakki that was abandoned around 1960.


On finishing the excavation, the trenches were filled up with the materials previously dug out of them. A soil cover was placed in the trench where the remains were found before closing it up again.



Mynd 35. Landbrot á sjávarbakka við Hof í Flateyjardal. Á myndinni sést Guðmundur St. Sigurðarson. Ljósmynd: Rúnar Leifsson.

### 6.3 Hof á Flateyjardal – friðlýstar minjar

<b>Leyfishafi:</b> Rúnar Leifsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Minjastofnun Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 201708-0056	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-85
<b>Staðsetning:</b> A 550435 N 624789	<b>Póstnúmer:</b> 601 Akureyri
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 13.9.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 13.9.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> könnunarrannsókn	<b>Aðferð:</b> hreinsun sniðs



Minjavörður fylgist með áhrifum landbrots á fornleifar á Norðurlandi eystra. Í september fór minjavörður Norðurlands eystra í fylgd minjavarðar Norðurlands vestra í Flateyjardal þar sem friðlýstar fornleifar á Hofi eru að rofna í sjó fram. Nokkuð hefur brotið þar síðustu ár og eru djúp mannvistarlög greinileg í sniði landbrotsins.

Markmiðið var að kanna hversu mikið hefur brotnað úr jarðvegssniði, frá því síðast var farið að Hofi árið 2011, með samanburði við GPS-mælingar frá þeim tíma og við ljósmyndir. Settir voru niður fastapunktur í formi hæla til að hægt verði að fylgjast nákvæmar með landbroti í framtíðinni.

Milli 2011 og 2017 hefur rofið allt að 1,5 m af þeim tóftum sem standa við sjávarbakkann. Hreinsaðir voru tveir kjarnar í snið landbrotsins, um 0,5 m breiðir hvor um sig. Þeir leiddu í ljós að allt að 2 m há mannvistarlög í landbrotinu. Gjóskur eru greinilegar og má m.a. sjá viðarkolalög ofan á óhreyfðum jarðvegi um 0,5 m undir Heklu 1104.

Heimsækja þarf Flateyjardal árlega til að fylgjast með hreyfingu sjávarbakkans við Hof.


#### English Summary

The Cultural Heritage Manager monitors the effects of coastal erosion on archaeological sites in NE-Iceland. In September a trip was made to Flateyjardalur where the listed site of Hof is eroding.

The aim was to assess how much has broken from the eroding soil profile since the site was last visited in 2011. This was done by comparing GPS measurements and photographs. Reference points were established, with wooden pegs in the ground, in order to monitor erosion more closely in the future.

Between 2011 and 2017 up to 1,5 m has eroded from the seafront. Two cores were cleaned and recorded in the eroding soil profile, each 0,5 wide. The archaeological layers in the eroding profile are 2 m deep. Tephra layers usable for dating are quite visible. Charcoal layers are at the bottom, resting on top of undisturbed natural soil, about 0,5 m below Hekla 1104.

Flateyrardalur must be visited yearly for coastal erosion at Hof to be properly monitored.



Mynd 36. Litlu Núpar. Silfurvírahnaður fyrir forvörslu. Ljósmynd: Howell M. Roberts

#### 6.4 Litlu Núpar í Aðaldal - Kuml

<b>Leyfishafi:</b> Howell M. Roberts	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 201707000	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-32
<b>Staðsetning:</b> A 575249 N588271	<b>Póstnúmer:</b> 641 Húsavík
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 22.7.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 4.8.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Frá árinu 2004 hefur verið unnið að rannsókn á bæjarstæði og kumlateig á Litlu-Núpum í Aðaldal, Suður-Þingeyjasýslu. Árið 1915 kom þar í ljós kuml sem var rannsakað sama ár af Matthíasi Þórðarsyni þáverandi þjóðminjaverði. Það var svo við skipulagða leit fræðimanna frá Fornleifastofnun Íslands árið 2004 sem fleiri kuml fundust í grennd við kumlið frá 1915. Voru tvö kuml rannsökuð í kjölfarið en í heildina höfðu árið 2010 verið rannsökuð sjö kuml og er þar með talin með rannsókn Matthíasar Þórðarsonar.

Eftir rannsóknir síðustu ára á staðnum var ljóst að ekki eru öll kurl komin til grafar og því var haldið aftur á staðinn sumarið 2017 til að fullgrafa kumlateiginn.

Rannsóknir árið 2017 staðfestu að það eru ekki fleiri kuml fyrir norðan, austan eða sunnan þau sem þegar hafa verið grafin. Eitt hestkuml fannst í rofbarðinu fyrir vestan, en engin skýr ummerki eru um önnur mannvirki á melnum fyrir utan hringlaga steinþyrpinguna (svæði 1). Það má því segja fyrir vissu að kumlateigurinn við Litlu-Núpa er nú fullgrafinn.

Rannsóknirnar vörpuðu einnig ljósi á greftrunarsíð norðausturlands. Fleiri dæmi fundust um stoðarholur innan í kumlum, og hesturinn virðist hafa verið

lagður í hálfgerða kistu. Ítarlegri lýsingar á niðurstöðum rannsóknarinnar mun fylgja í lokaskýrslu er allar sérfræðirannsóknar hafa verið unnar.

### **English Summary**

Our aim in 2017 was to re-examine all possible locations of further remains within the pre-Christian burial field at Litlu Núpar. This including re-excavation of areas examined in 1915 and 2004, and also new areas to the north, east and south of the known burials. An additional horse grave was discovered to the north of a human grave excavated at the western limit of the graveyard in 2004. This included a quantity of disarticulated horse bone, along with iron artefacts such as nails (likely representing a box or chest) and buckles. A silver wire button was discovered upon re-excavation of the 2004 human burial.

We are now confident that no further burials remain unexplored in any close proximity to the previously excavated material.





Mynd 37. Hofstaðagarðshorn í Mývatnssveit. Rannsóknarsvæðið úr norðri, Gerðin og Hofstaðir í baksýn. Ljósmynd: Orri Vésteinsson.

## 6.5 Hofstaðagarðshorn

<b>Leyfishafi:</b> Orri Vésteinsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016090109	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-24
<b>Staðsetning:</b> A 584700 N 569549	<b>Póstnúmer:</b> 660 Mývatn
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 5.9.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 4.10.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> blönduð tækni



Rannsóknin beinist að nýlega fundnum tóftum við norðurenda túnsins á Hofstöðum. Rannsókn árið 2016 staðfesti að stærsta tóftin væri af íbúðarskála sem hefur verið fallinn fyrir 1104/58. Verkefnið er skipulagt til þriggja ára og beinist annars vegar að hinu nýfundna bæjarstæði Hofstaðagarðshorns og hins vegar að því að finna og skilgreina aðrar byggingaleifar í sléttuðum túnnum Hofstaða þar sem fleiri bæjarstæði gætu leynst.

Sumarið 2017 var gerð könnun með kjarnabor yfir allt bæjarstæðið og einnig yfirborðsmæling með alstöð og viðnámsmæling yfir skálatóft og næsta nágrenni hennar. Kjarnaborun leiddi í ljós staðsetningu öskuhaugs og einnar tóftar til viðbótar við þær þrjár sem skilgreindar höfðu verið 2016. Grafnir voru sex skurðir: í túngarð, þrjár tóftir, öskuhauginn og gryfju. Öskuhaugurinn er rúmlega 20 sm þykkur og er varðveisla dýrabeina í honum sæmileg - mest var um brennd bein en óbrennd voru líka varðveitt. Beinir eru úr nautgripum, sauðfé, geitum og svínum og benda til hefðbundins búskapar á þessum stað. Tveir málmgrípír fundust í haugnum og nokkrir járnsmolar í gryfjunni. Skurðir í þrjú útihús sýndu að þau höfðu öll aðeins eitt byggingarstig og mjög veigalítill gólflög sem benda hvorki til mannvistar né skepnuhalds. Gjóskulagagreining bendir til að skálinn hafi verið byggður áður en V-940 gjóskan féll en ekki fundust önnur gjóskulög yfir útihúsunum þremur og gryfjunni en V-1477. Túngarðurinn er aftur á móti byggður eftir 940 en var fallinn fyrir 1300.

Í ljósi þessara niðurstaðna þykir nafnið Hofstaðagarðshorn ekki eiga við og í samráði við heimamenn er lagt til að staðurinn verði hér eftir kallaður „Í Brekkum“ en svæðið norðan túns þar sem bæjarstæðið er heitir Brekkur.

### English Summary

The research focuses on a newly found archaeological site in the northern part of the field at Hofstaðir farm. Research in 2016 confirmed that the largest feature is a longhouse (skáli) which had fallen into ruin before 1104/58. The research is a part of a three-year project aiming at investigating this archaeological site but also looking for other, hitherto unidentified archaeology in the fields of Hofstaðir, where more farms might yet to be discovered.

A coring survey was conducted over the whole site and a surface model was generated using a total station. A resistivity survey was carried out over the hall and its vicinity. The coring located a midden and one more structure in addition to the three which had been defined during fieldwork in 2016. Six trenches were excavated, one in the field boundary, three in house ruins, one in the midden and one in a negative feature. The midden is 20+ cm deep and has a moderate preservation of animal bone. Most of the bones were burnt but there were also some unburnt. The bones are from cattle, sheep, goats and pigs and suggest an ordinary farming operation. Two metal objects were found in the midden and five iron fragments in the negative feature. Trenching in three ancillary structures showed that they all had only one building phase and very ephemeral internal surfaces suggestive neither of human habitation nor the stabling of animals. Tephrochronological dating shows that the hall was built before 940 but no tephra's apart from the V1477 were preserved above the other three structures or the negative feature. The field boundary on the other hand was built after 940 but had collapsed completely before 1300.

As the farm-site is not necessarily contemporary with the field boundary the name Hofstaðagarðshorn may be a misnomer and it is therefore suggested after consultation with locals that the site be referred to as "Í Brekkum" as the name of the area is Brekkur.



Mynd 38. Núpsmýri við Öxarfjörð. Torfið í einum vegg heytóftar sem byggð er á þykku sandlagi.  
Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.

## 6.6 Núpsmýri við Öxarfjörð

<b>Leyfishafi:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Náttúrustofa Vestfjarða
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017090085	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-53
<b>Staðsetning:</b> A 613098 N 635051	<b>Póstnúmer:</b> 671 Kópasker
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 27.9.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 28.9.2017
<b>Tegund rannsókna:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> könnunarskurður



Að beiðni Minjastofnunar fór fram rannsókn á rústum í landi Núps á svæði sem kallað er Núpsmýri í Öxarfriði. Það hafði Minjavörður Norðurlands komið auga á minjar þegar hann skoðaði svæðið vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Fornleifadeild Bygðasafns Skagafjarðar gerði svo fornleifaskráningu á svæðinu. Þá kom í ljós að rústir sem skráðar voru væru mögulega sel, en í kring voru heytóftir. Rannsóknina gerði Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða. Teknir voru átta könnunarskurðir. Í ljós kom að allar rústirnar voru heytóftir og voru fjórar þeirra samtengdar. Tóftirnar voru byggðar úr torfi ofan á sandlagi í mýrinni. Líklega var þetta eina þurra svæðið í Núpsmýri.


### English Summary

In connection with intended construction work at Núpsmýri in Öxarfjörður in NE Iceland it was found necessary to investigate a few archaeological features that had previously been surveyed in the area.

A total of eight test trenches were dug into the ruins. The results were that all of the ruins were platforms for hey, made out of turf.

**6.7 Svalbarð í Svalbarðshreppi, borkjarnar á átta stöðum**

<b>Leyfishafi:</b> James Woollet	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Université Laval, Québec, Canada
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017060053	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-76
<b>Staðsetning:</b> A 646267 N 635128	<b>Póstnúmer:</b> 681 Þórshöfn
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b>	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b>
<b>Tegund rannsókna:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> borkjarnar



Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um skil á eyðublaði um lok vettvangsrannsóknar hafa gögn ekki borist.

**English Summary**

Information is not available.

## 7. Austurland



Mynd 39. Stöð. Horft yfir hluta af yngri skálanum. Langeldurinn leynist við hellurnar. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

### 7.1 Stöð í Stöðvarfirði

<b>Leyfishafi:</b> Bjarni F. Einarsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifafræðistofan
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016070024	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-09
<b>Staðsetning:</b> A 738458 N 492135	<b>Póstnúmer:</b> 755 Stöðvarfjörður
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 1.6.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 29.6.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Markmið þessa sumars var að kanna afstöðu skálanna tveggja, sem nú eru nær því staðfestir, og rannsaka austurenda þeirra á allar hliðar. Jafnframt var stefnt að því að staðfesta meintan langeld í húsinu/húsunum.

Þess var freistað að staðfesta, af eða á, hvort önnur hús leyndust á svæðinu og hvar. Þar á meðal voru tveir áhugaverðir staðir í túninu austur af skálanum. Einnig var aflangt hús rétt norðaustur af skálanum áhugavert með tilliti til þess hvort undir því kynni að leynast hús frá fyrstu tíð.

Langtímamarkmið rannsóknanna er eftir sem áður að kanna lífsviðurværi fólksins sem bjó á Stöð tímabundið eða til frambúðar, uppruna þess og hvenær það kom. Í því felst hugsanlegt skepnuhald, áslátturstækni (jaspisar, glerhallar, tinna og ópalar), gerð veggja og efni þeirra og stærð húsanna.


### English Summary

The aim of the excavation season 2017 was to figure out the relation between the two halls on the site and to investigate their eastern gavels as possible. The aim was also to affirm the long hearth in the hall/halls.

A search for more houses on the site was undertaken. Among the investigated sites were two hot spots to the east of the halls. Also, a long house north of the halls caught our interest since it might contain a house from the settlement period.

The long-term aim of the excavations at Stöð is to shed light on the daily life of the inhabitants at Stöð, whether they stayed there for a short time or for a longer time, their origins and the date of their arrival. In this context animal husbandry, stone technology (jasper, calcedon, flint and opals), construction of walls and the material used, and the sizes of the houses are of interest.

## 8. Suðurland



Mynd 40. Eystri Ásar í Skaftártungu. Tóft 022 eftir hreinsun. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

### 8.1 Eystri Ásar í Skaftártungu, rannsókn vegna fyrirhugaðrar vegagerðar

<b>Leyfishafi:</b> Lilja Laufey Davíðsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifastofnun Íslands ses.
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017010084	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-01
<b>Staðsetning:</b> A 351890 N 529146	<b>Póstnúmer:</b> 881 Kirkjubæjarklaustur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 23.1.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 27.1.2017
<b>Tegund rannsókna:</b> framkvæmdarannsókn	<b>Aðferð:</b> blönduð tækni



Vegna fyrirhugaðra veg framkvæmda á svæðinu var framkvæmd rannsókn á minjum sem ljóst var að yrðu fyrir áhrifum af framkvæmdunum. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna aldur, hlutverk og byggingarlag minjanna sem sýnt var að myndu eyðileggjast við framkvæmdirnar.

Svæði 1: Könnunarskurður var grafinn í gegnum garð SF-175:034A sem er á brekkubrún vestan við Eystri-Ása, nyrst á framkvæmdasvæðinu. Garðurinn er að því tagi sem hróflað var upp undir girðingu og staðfesti rannsókn að hann er frá 20. öld, undir garðinum er óraskað gjóskulag úr Kötlu 1918. Ekkert greinilegt torf var í garðinum en merki um þælu voru norðan við hann. Undir garðlaginu fundust önnur og eldri merki um niðurgroft og jarðrask.

Svæði 2: Könnunarskurður var grafinn í gegnum fornlegt og sigið garðlag SF-175:023 sem er suðvestan við Skaftártunguveg, samsíða honum. Leifar garðsins voru á 1 metra dýpi. Hann virðist hafa verið byggður skömmu eftir að gjóskulagið Eldgjá 934+/-2 féll. Byggingarefni garðlagsins var torf og Eldgjárgjóska, efni hafði verið tekið austan við garðinn og er þælan mjög greinileg.

Svæði 3: Könnunarskurður var grafinn í gegnum meint gerði SF-175:023C. Þau ummerki sem sást á yfirborði reyndust ekki vera leifar fornra mannvirkja og engin mannvist kom í ljós í skurðinum.

Svæði 4: Tóft SF-175:022 er syðst á rannsóknarsvæðinu, á bakkabrún Eldvatns. Hún er 3,8 x 3,2 m að utanmáli en 3,3 x 1,9 m að innanmáli. Hún snýr VNV-ASA en annar endi hennar er fallinn ofan í ána (ASA-endi) svo ekki er ljóst hversu stór hún var upphaflega. Tóftin er eingöngu torfhlaðin. Hún hefur verið niðurgrafin en torf verið lagt á hliðarveggi hennar til að hækka þá. Mesta torfið var að sjá í norðurlangvegg. Tvö gólflög fundust innan tóftarinnar með talsverðu af morknum viðarleifum og einn járnnaqli fannst í öðru gólfinu [105]. Ekki fundust aðrir gripir við uppgröftinn. Engin sýni voru tekin úr gólfinu. Ein pinnahola með morknum viðarleifum fannst undir eldra gólfinu og gætu það verið merki um að dýr hafi verið tjóðruð þar inni. Engin eldsmerki fundust í húsinu og telja má líklegt að húsið hafi verið peningshús af einhverju tagi. Tóftin lá undir svörtu og grófu gjóskulagi, sem líklega er Katla 1625 og undir henni lágu tvö óhreyfð gjóskulög, annars vegar Hekla 1206 og hins vegar yngri gjóska svört á lit sem á eftir að tímasetja. Frumniðurstöður benda til að mannvirkið hafi verið í notkun á 15.-16. öld.

Svæði 5: Nokkru suðvestan við tóft SF-175:022 komu í ljós óljósar þústir og var ákveðið að grafa könnunarskurð í gegnum þær. Þar kom í ljós garðlag sem snýr um það bil norðvestur-suðaustur að Eldvatni. Gjóskulag úr Heklu 1206 liggur óhreyft undir veggnum en ógreint gjóskulag frá 15. öld liggur óhreyft ofan á garðinum. Austar í skurðinum var hægt að greina einhverskonar jarðrask sem var ekki af mannavöldum.

### English summary

At Eystri Ásar archaeological features are in danger of being disturbed during road construction on the site. Therefore, research was conducted in order to establish the age, function and type of construction of the endangered archaeology.

Area 1: A test trench was dug through boundary wall SF-175:034A that is situated west of Eystri-Ásar on the northernmost part of the research area. The boundary wall was built under a fence and is from the 20<sup>th</sup> century but under the boundary is a black tephra layer in situ from Katla 1918. No visible turf was seen in the wall but there were obvious signs of earth having been dug up north of it. Under the boundary are other older signs of cuts and fills.

Area 2: A test trench was dug through boundary wall SF-175:023 that lies southwest of Skaftártungu road. The wall was 1 m deep in the ground. It was built shortly after the Eldgjá 934 tephra fell. It was built with turf and Eldgjá-tephra, material taken east of the wall.

Test trench 3 was dug through a possible enclosure SF-175:023C. The features seen on the surface were not remains of structures and there were no human remains in the trench.

Area 4: Building SF-175:022 is on the south part of the research area, at the edge of the river Eldvatn. Its external boundaries are 3,8 x 3,2 m but its internal boundaries are 3,3 x 1,9 m. It lies WNW-ESE and its ESE wall has been eroded by the river and therefore it is uncertain how long it was originally. The building is built with turf, but the interior walls are cut down and turf has been laid on the north and south walls to heighten them. No turf was found in the west wall. Two floor layers were found within the building with a lot of degraded wood remains and one nail was found in floor [105]. One peg-hole was also found under the floor, with degraded wood remains and that could indicate than animals



were tied up there. There were no traces of fire in it and it was probably used as an animal house. The building was filled with black and coarse tephra layer, that is probably Katla 1625 and under the building were two tephra layers *in situ*, Hekla 1206 and a younger black tephra that has not been dated. Preliminary conclusions point to that the building was used in the 15<sup>th</sup> to 16<sup>th</sup> century.

Area 5: Southwest of building SF-175:022 unclear remains southwest of building SF-175:022. A small boundary wall was revealed, that lies northwest-southeast of Eldvatn. The tephra layer Hekla 1206 is *in situ* under the wall but a tephra layer from the 15<sup>th</sup> century lies over the wall. In the eastern part of the test trench are some earth formations, but no human activity.



Mynd 41. Ytri-Ásar, horft vestur yfir flagið. Bein, steinar, viðaraska og viðarkol sjást á yfirborði.  
Ljósmynd: Uggi Ævarsson.

## 8.2 Ytri Ásar, borkjarnarannsókn

<b>Leyfishafi:</b> Uggi Ævarsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Minjastofnun Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2018010036	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-83
<b>Staðsetning:</b> A 528728 N 352193	<b>Póstnúmer:</b> 881 Kirkjubæjarklaustur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 16.5.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 17.5.2017
<b>Tegund rannsókna:</b> könnunarrannsókn	<b>Aðferð:</b> borun



Árið 2016 voru bændur í Ytri - Ásum að vinna tún niður í flag. Um 70 m neðan við gamla prestsbústaðinn komu leirkersbrot, aska og kol í ljós við plægingu. Ábúandi, Gísli Halldór, lét minjavörð vita sem fór og boraði 12 borkjarna í flagið.

Markmið könnunarinnar var að grennslast fyrir um þessa mannvistardreif. Niðurstaðan er á þá leið að leirkersbrotin eru frá 19. - 20. öld en byggingaleifar gætu verið eldri því harla djúpt, rúmur 1 metri að jafnaði, er niður á líklegar grjóthleðslur. Það lítur út fyrir að hús, hugsanlega smiðja, hafi staðið á lágu holti þar sem nú er flag en notkun þess húss hafi verið hætt og seinni tíma rusli verið hent í hústóftina.

### English Summary

Farmers at Ytri - Ásar were working a field in 2016. The farmer, Gísli Halldór, informed Minjastofnun about some artifacts, ash and charcoal coming up with the plough. The Cultural Heritage Manager for South Iceland went to Ytri-Ásar and cored the muddy homefield, some 12 cores in total. The pottery, retrieved from the surface after the ploughing, dated from 18<sup>th</sup> and 19<sup>th</sup> centuries but structural stones were found during the coring at more depth, c. 1 m down. On-site interpretation is that there might have been a building on a little knob, possibly a smithy. Post abandonment deposits were found within the possible stone walls.



Mynd 42. Arfabót. Þrívíddarmynd af fjósinu og hlöðunni. Ljósmynd: Hermann J. Hjartarson.

### 8.3 Arfabót á Mýrdalssandi

<b>Leyfishafi:</b> Bjarni F. Einarsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Fornleifafræðistofan
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017050063	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-15
<b>Staðsetning:</b> A 527383 N 330467	<b>Póstnúmer:</b> 881 Kirkjubæjarklaustur
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 3.7.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 21.7.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Helstu markmið verkefnisins eru: 1) að kanna gerðfræði bæjarhúsanna í Arfabót með tilliti til þróunar húsagerðar á Íslandi. Í allra næsta nágrenni við Arfabót eru rústir eyðibýlisins Kúabótar sem rannsakaðar voru sumrin 1972-76. Í Örafum var eyðibýlið Gröf rannsakað 1955-57 og svo Bær í sömu sveit 2000, 2002 og 2004-2009. Þar gafst einstakt tækifæri til að rannsaka jafnaldra bæi sem fóru í eyði á nákvæmlega sömu stundu. Í ljós kom að bæirnir voru afar ólíkir að gerð sem bendir til þess að húsagerð hafi verið býsna fjölbreytt á landinu á sama tíma og að það hafi verið munur á lögbýlum og hjáleigum í þessu sambandi. Rannsóknir og samanburður á býlum á Mýrdalssandi gætu leitt eitt-hvað svipað í ljós.

2) Að kanna búskaparhætti í Arfabót. Skepnuhald, verkmenningu og hugsanlega framleiðslu á lýsi og nýtingu á melgresi. Á Bæ var viðamikil lýsisframleiðsla og því hefur verið haldið fram að hið sama eigi við Gröf í Örafum. Einnig er líklegt að lýsisframleiðsla hafi verið í Kúabót.

3) Að kanna áhrif Kötlugosa á byggðina á Mýrdalssandi. Katla hefur gosið mörgum sinnum á sögulegum tíma og áhrif þeirra á byggðina í næsta nágrenni hefur verið mikil. Ekki er þó víst að áhrifin hafi alltaf verið hin sömu og að byggð

hafi lagst af í öllum tilfellum samtímis, heldur að hún hafi lagst af smám saman þar til hún var með öllu horfin á sandinum. Katla er hættulegasta eldfjall Íslands og fá eldfjöll sem hafa eyðilagt jafn marga bæi og hún.

4) Að setja örlög byggðarinnar á Mýrdalssandi í samhengi við áhrif gosa (og jarðskjálfta) á byggðapróun á Íslandi frá öndverðu. Niðurstöður verða notaðar í skrifum um Bæ í Örafum og áhrif gossins í Örafajökli 1362 og annarra gosa á byggð í landinu.

5) Að gera rústirnar í Arfabót sýnilegar gestum og gangandi (síðasta skeið bæjarins). Aðkoma að rústunum er frekar einföld, en ekið er á sandi nær alla leið með örfáum hindrunum (lækjarsitrum) sem auðvelt er að laga.

6) Að kanna upphaf byggðar í Arfabót. Líkur eru á því að byggð hafi hafist í Arfabót þegar á landnámsöld og mikilvægt að staðfesta það, þó ekki verði það kannað meira en svo að sinni.

7) Stefnt er að því að staðsetja (GPS) fleiri bæjarrústir á Mýrdalssandi á meðan á vettvangsvinnu stendur með aðstoð staðkunnugra, en vitneskja um þær er á hverfanda hveli.

Sumarið 2017 tókst að ljúka við að grafa upp fjós og sambyggða hlöðu og kanna stærð heygarðs sem er áfastur fjósinu að austanverðu. Fjósið er tvístæðu fjós með fjórum básum hvoru megin. Gjósugreiningar benda til þess að húsið sé frá fyrri hluta 15. aldar.

### English Summary

The aim of the excavations at the farm Arfabót is to investigate the typology of the houses at Arfabót, the economy of the farm (animals, harvesting of limegrass, fishing, oil production) and to shed some light on the impact of volcanic activities of Katla on the settlement in the area.

The excavation methods will be adapted to show the layouts of the last generation of the farmhouses, so visitors can get some idea of the houses and the life on the farm in medieval times in Iceland.



Mynd 43. Sandártunga í Þjórsárdal. Skurður 1 við lok uppgrafar, horft til norðausturs. Ljósmynd: Gavin Lucas.

#### 8.4 Sandártunga í Þjórsárdal – The Archaeology of the Trade Monopoly

<b>Leyfishafi:</b> Gavin Lucas	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017050032	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-12
<b>Staðsetning:</b> A 456510 N 399629	<b>Póstnúmer:</b> 801 Selfoss
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 13.6.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.6.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort leifar öskuhaugs hafi varðveist á staðnum og ef svo er kanna eðli haugsins með skurði og freista þess að finna forngrípi frá sama skeiði og bærinn sem Kristján Eldjárn gróf upp árið 1949. Markmið uppgrafar er að kanna hvort gripafæð í uppgræftrinum endurspeglar gripafæð á svæðinu og ef ekki (og gripir finnast í öskuhauginum) hvaða sögu gripirnir segja um staðinn. Rannsókn á gripunum mun einnig fléttast saman við stærra verkefni sem snýr að neyslu á Íslandi á 17.-18. öld (Commodity Entanglement: an archaeology of the trade monopoly) sem leyfishafi stendur fyrir.

Öskuhaugur reyndist vera á staðnum og tekinn var skurður í hann, en talið er að hann sé samtíða síðasta fasa búsetu í Sandártungu, þ.e. frá seinni hluta 17. aldar. Þeir gripir sem fundust við uppgröftinn eru góð viðbót við það sem fannst árið 1949, en dýrabein sem einnig komu upp við rannsóknina munu bæta miklu við þekkingu okkar á viðurværi fólks á staðnum.

Borkjarnarannsókn leiddi í ljós að bæjarhóllinn er eini staðurinn á svæðinu þar sem enn má finna greinileg mannvistar- og jarðlög, og að þau eru enn varðveitt þrátt fyrir mikla hættu vegna uppblásturs.

**English Summary**

The aim of the research was to investigate a possible midden at the site, hoping to be able to retrieve from it artefacts dating from the same time period as the artefacts retrieved by Kristján Eldjárn's excavation on the farm mound in 1949. A midden was located and sampled, assumed to be contemporary with the last phase of settlement at Sandártunga, i.e. late 17<sup>th</sup> century. A small finds assemblage complements what was found in 1949 but the recovery of a substantial faunal assemblage among others, will greatly add to our knowledge of subsistence at the site. Coring revealed the main farm mound is the only location with buried soils and that, despite the threat of continual erosion (especially around the edges of the mound), a deeply stratified sequence of structures remains intact - for now.



Mynd 44. Skeljastaðir í Þjórsárdal. Horft yfir rannsóknarsvæðið úr austri. Ljósmynd: Steinunn Kristjánsdóttir.

## 8.5 Skeljastaðir í Þjórsárdal – Klaustur á Íslandi

<b>Leyfishafi:</b> Steinunn Kristjánsdóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands/Þjóðminjasafn Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2016100003	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-88
<b>Staðsetning:</b> A 459911 N 402253	<b>Póstnúmer:</b> 801 Selfoss
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 15.5.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 15.5.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> borun



Við greiningar á eitrefnum í mannabeinum frá Skeljastöðum kom í ljós mikil mengun í þeim af völdum kvikasilfurs, blýs og kadmíum. Magn kvikasilfurs og blýs er það mikið að það telst til eitrunar. Markmiðið með sýnatökunni var að kanna hvort mengunin hafi komið úr jarðvegi á staðnum (post-mortem) eða hvort bein fólks hafi mengast við inntöku efnanna (pre-mortem).

Greiningar á jarðvegssýnum voru unnar af Matís í samvinnu við umsækjanda og doktorsnema hans, Joe W. Walser, fyrir fjárframlag úr Fornminjasjóði 2015 og 2016.

### English Summary

A significant contamination of mercury, lead and cadmium was recently observed in the human bone collection from Skeljastaðir. The amount of mercury and lead is so great that it is poisonous. The purpose of the sampling was to investigate whether the contamination occurred post-mortem or pre-mortem.

Diagnosis of soil samples was prepared by Matís in collaboration with the applicant and his doctorate, Joe W. Walser, for funding from Fornminjasjóður fund 2015 and 2016.



Mynd 45. Hólaskógur. Horft til austurs yfir kumlið áður en byrjað var að grafa. Ljósmynd: Uggi Ævarsson.

## 8.6 Kuml í Hólaskógi

<b>Leyfishafi:</b> Uggi Ævarsson	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Minjastofnun Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017100057	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-59
<b>Staðsetning:</b> A 467439 N 407600	<b>Póstnúmer:</b> 801 Selfoss
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 26.9.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 26.10.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> björgunarrannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Sigurjón Helgason sem býr í Skeiða- & Gnúpverjahreppi og er fornleifafræðimenntaður setti sig í samband við minjavörð Suðurlands vegna þess að hann hafði verið að skoða gömlu kumlstæðin í Hólaskógi sumarið 2016. Hafði hann þar séð blásnar hrossstennur í sandinum. Minjavörður fór við annan mann á vettvang og var ákveðið að koma að hausti og grafa þar eð staðurinn þótti líklegur. Það gekk ekki eftir fyrr en ári seinna og fóru starfsmenn Minjastofnunar að hausti 2017 og grófu fram hrosskuml í tveimur ferðum (samaltals 5 dagar á vettvangi). Ekkert bólaði á manni í námunda við hrossgröfina. Gröfin var óhreyfð.

### English Summary

Sigurjón Helgason who lives in Skeiða- & Gnúpverjahreppur contacted the Cultural Heritage Manager for South Iceland in the summer of 2016 after he had been walking by the old kumlsites in Hólaskógur. Not far from the old sites he noticed horse teeth peaking out from the sand. It was not until autumn 2017 that Minjastofnun excavated the site in 2 short trips (five fieldwork-days in total). It was an undisturbed, pagan grave of a horse. No human remains were found close to the grave.






Mynd 46. Nemendauppgröftur í Skálholti 2017. Horft í austurátt. Ljósmynd: Angelos Parigoris.

### 8.7 Skálholt. Nemendauppgröftur

<b>Leyfishafi:</b> Sólrún Inga Traustadóttir	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2015080040	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-41
<b>Staðsetning:</b> A 425685 N 403354	<b>Póstnúmer:</b> 801 Selfoss
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 28.8.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 1.9.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> uppgröftur



Meginmarkmið rannsóknarinnar er að veita nýnemum í fornleifafræði innsýn í verklega þætti fornleifarannsókna áður en bóklegt nám hefst.

Uppgröftur fór fram dagana 28. ágúst - 1. sept. 2017 og hélst veðrið að mestu ágætt þessa daga. Alls tóku 14 nemendur þátt undir umsjón tveggja fornleifafræðinga. Haldið var áfram að grafa á svæði [5000] sem staðsett er SA af Skálholtskirkju. Helstu minjar sem eru sjáanlegar á svæðinu eru eftirfarandi:

a) Steinahleðslur eða mögulegar traðir eru í NV horni uppgraftarsvæðis.

Traðirnar liggja í austur-vestur. Þær eru byggðar inn í ruslalög (móaska, aska, kol, bein og gripir) að norðanverðu en eru mikið raskaðar eftir nútíma framkvæmdir að sunnanverðu og þar er aðeins neðsta steinaröðin eftir.

b) Hellulögð stétt er staðsett austan við traðirnar og nær yfir um 6 fermetra flöt.

c) Bygging í SA hluta uppgraftarsvæðisins sem gæti verið leifar af 18. aldar prenthúsi sem var flutt frá Hólum. Byggingin hefur aðeins verið grafin fram að hluta en í jarðlögum fyrir utan bygginguna hafa fundist tveir prentstafir.

Alls voru skráð átta mannvistarlög en aðeins tvö fjarlægð og þrjú grafin að hluta. Haldið verður áfram með þessi jarðlög að ári.

Gripir: Silfurpeningur - danskur 25 eyringur frá 1874, prentstafur, hnappar (málmur og blý), flintur (rauð og ljós), leirker (aðallega hvítleir), gler (aðallega flöskugler), krittarpípur, járn (naglar og járnþútar), ýmsir málmgripir (þynnur og stangir) og hluti úr dagblaði þar sem greina má nokkra stafi á, þ.á.m. danskt Ø.

Yngri gripir eru: haglabyssuskot, klóaksrör (leir) og hluti af þurrbatteríi (carbon rod).

### **English Summary**

The main aim of the excavation is to give first year archaeology students an insight into fieldwork before the academic studies start.

Excavations in Skálholt took place from 28<sup>th</sup> August - 1<sup>st</sup> September 2017 in fairly good weather. Fourteen students participated this year under the supervision of two teachers. The main excavation area, [5000], is situated SE of the Skálholt Cathedral. The main features that are now visible at the site are:

- a) Stonewalls which are possibly from an old pathway situated in the NW part of the site. Direction of the pathway is E-W. The north wall is built up against midden layers containing peat ash, ash, charcoal, burnt bones, bones and artefacts. The south wall is more damaged by modern disturbance and consists only of one row of stones.
- b) Paving situated east of the pathway and covers an area of around 6 square meters.
- c) Building in the SE corner which could possibly be the remains of the 18<sup>th</sup> century print house that was transferred from Hólar bishopric. The building itself is just partly uncovered but at least two lead types (printed letters, used for letterpress printing) have been found outside the structure.

Eight deposits were recorded on site but only two were fully excavated and removed, three were partially excavated. The remaining deposits will be dug next year or the year after that.

Artefacts retrieved were: A silver coin, dated to 1874, led type (used for letterpress printing), buttons (metal & lead), flints (red and light grey), glass (mostly from bottles), clay pipes, iron (nails and rods), metal sheets and a part of newspaper with a few distinguishable letters, a Danish Ø. Younger artefacts were: shotgun case, sewer pipe (clay) and a carbon rod from a battery.



Mynd 47. Verbúðarhóll á Eyrarbakka. Drónamynd af rannsóknarstaðnum sem sýnir skurðinn við lok uppgrafter 2017. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

## 8.8 Verbúðarhóll á Eyrarbakka

<b>Leyfishafi:</b> Ágústa Edwald Maxwell	<b>Fyrirtæki/stofnun:</b> Háskóli Íslands
<b>Rannsóknarnúmer:</b> 2017060054	<b>Númer Þjóms:</b> 2017-23
<b>Staðsetning:</b> A 393867 N 375262	<b>Póstnúmer:</b> 820 Eyrarbakki
<b>Vettvangsrannsókn hófst:</b> 11.7.2017	<b>Vettvangsrannsókn lauk:</b> 31.10.2017
<b>Tegund rannsóknar:</b> vísindarannsókn	<b>Aðferð:</b> blönduð tækni



Markmið rannsóknarinnar er að kanna umfang, aldur og varðveisluskilyrði fornleifa í Vesturbúðarhól. Engar fornleifarannsóknir hafa farið fram á svæðinu en minjastaðurinn geymir hugsanlega miklar upplýsingar um verslun og iðnað á Íslandi frá átjándu og fram á 20. öld en einnig má vera að eldri verslunarbúðir hafi verið á svæðinu áður en ritaðar heimildir geta húsa þar.

Þrennskonar jarðsjármælingar voru gerðar í júlí 2017: Viðnámsmælingar, segulmæling og radarmælingar. Nú þegar eru niðurstöður viðnámsmælinga og segulmælinga ljósar en ekki hefur verið unnið úr radarmælingunum.

Mælingarnar sýndu að grunnur Vesturbúðarinnar sem rifin var árið 1950 er nokkuð vel varðveittur undir sverði. Sérstaklega virðast leifarnar af syðsta verslunarhúsinu vera heillegar og þá af því vestasta en það nyrsta og austasta virðist verst varðveitt. Einnig sýndu mælingarnar nokkrar mögulegar byggingar vestan við verslunarhúsasamstæðuna.

Ritaðar heimildir benda til að þar hafi verið timburgeymsla verslunarinnar og síðar fjárhús en hugsanlegt er að einhverjar þessara byggingaleifa séu eldri. Í september var skurður grafinn í gegnum syðsta og best varðveitta verslunarhúsið til að leitast við að aldursgreina það og kanna eðli minjanna. Bráðabirgðaniðurstöður uppgrafterins benda til að húsið sé frá seinni hluta 19. aldar. Flest

mannvistarlögin tengjast annars vegar byggingu hússins, þ.e. hlaðnir grunnar fyrir þverbita, og hins vegar niðurrifi þess, en fá jarðlög eru varðveitt frá notkun hússins, ef frá er talin stétt utan við húsið.

Í suðurenda skurðsins var grafið niður á óhreyfðan sand en í norðurenda hans var numið staðar við stétt sem heldur áfram undir norðurvegg hússins. Þessi stétt er ótvíræð vísbending um að eldra byggingarstig sé undir þessari byggingu. Til þess að rannsaka það þyrfti að taka niður norðurvegg byggingarinnar en í þeim tilgangi væri best að stækka skurðinn svo hægt væri að túlka veggjalínur með betri nákvæmni og til að sjá meira af jarðlaginu.

Allt minjasvæðið var mælt upp með alstöð og teknar af því drónamyndir og verður unnið úr þeim gögnum í vetur og nákvæm kort gerð af minjastaðnum.

### English Summary

The aim of the research is to investigate the extent, age and condition, in terms of conservation, of the archaeological site of Vesturbúðarhóll. No archaeological research has been conducted in the area, but the site possibly holds much information on trading and industry in Iceland in the 18<sup>th</sup> – 20<sup>th</sup> centuries. It is also possible that older remains of a trading site are present at the site.

Three types of geophysical survey were done on the site in July 2017. These were a magnetometry survey, a resistivity survey and a ground penetrating radar survey.

The results of the magnetometry and resistivity surveys are clear but the data from the GPR has not been analysed. The surveys showed that the remains of the buildings, which were torn down in 1950 remain fairly well preserved, particularly the southern and western most buildings, and that there are some anomalies to the west of them. Written resources suggest that the anomalies may be related to the timber storage shed, associated with the trade houses, and a later a sheep house but it is possible that some of them are of an even earlier date.

In September a trench was dug through the southernmost house to determine the date of the remains. Preliminary results suggest that it dates to the latter half of the 19<sup>th</sup> century. Most of the deposits are associated with the buildings' demolition on one hand and its construction on the other. The deposits associated with the occupation of the house may have been ephemeral due to wooden floors being installed and were likely disturbed during the demolition.

In the southern end of the trench we reached undisturbed sand while in the northern end the excavation stopped at a laid surface which appeared to continue beneath the northern wall, strongly suggesting an earlier building phase. The decision was made not to remove the wall until we could enlarge the trench to better determine the shape of the building and to have clearer look at this earlier deposit.

The entire site was measured with a total station and drone photographs were taken and detailed maps will be produced during the winter.

## 9. Aðrar rannsóknir

Auk rannsóknanna sem fjallað er um hér að framan voru gefin út fimm rannsóknarleyfi sem fá ekki sérstaka umfjöllun:

Adolf Friðriksson hafði eftirlit með framkvæmdum við Álagranda í Reykjavík (207060109). Engin mannvistarlög komu fram við framkvæmdirnar.

Ragnheiður Traustadóttir hafði eftirlit með flutningi gatnamóta við Geirsgötu/Kalkofnsveg (2017040017). Engin mannvistarlög komu fram við framkvæmdirnar. Lilja Laufey Davíðsdóttir hafði eftirlit með framkvæmdum við Vegamótastíg 7-9 í Reykjavík (2017030057). Engin mannvistarlög komu fram við framkvæmdirnar. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir gróf könnunarskurð á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Kastalann á Þingvöllum (2017040054).

Engin mannvistarlög komu fram í könnunarskurðinum, sem náði nær alveg þvert yfir framkvæmdasvæðið. Bjarni F. Einarsson hafði eftirlit með framkvæmdum neðan við hálsinn sem gamli Sámsstaðabærinn í Þjórsárdal stendur á (2018010043). Engar mannvistarleifar komu fram á svæðinu.

Að auki voru gefin leyfi til tveggja rannsókna sem ekki fóru fram eða var frestað. Óskar Leifur Arnarsson fékk leyfi til rannsókna á Brjánslæk í Vesturbyggð en rannsóknin fór ekki fram (2017090078). Lísabet Guðmundsdóttir fékk leyfi til rannsókna vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Bakka á Seltjarnarnesi. Framkvæmdir frestuðust og varð því ekki af rannsókninni á árinu (2017090093).

Einni umsókn um leyfi til fornleifarannsókna var hafnað (2017050051). Var um að ræða rannsókn á Gamla bænum í Keflavík á Reykjanesi. Minjarnar eru friðlýstar.

**10. Myndaskrá**

Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2017. Númerin vísa til kafla í skýrslunni. Sums staðar eru fleiri en ein stjarna með sama númer og er ástæða þess að í sumum rannsóknum eru fleiri en einn staður rannsakaður undir sama rannsóknarnúmeri. ....	4
Mynd 2. Hlið á Álftanesi. Yfirlitsmynd af könnunarskurðum og framkvæmdasvæðinu. Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir. ....	5
Mynd 3. Hádegishólar. Rústin árið 2000, en gróður var þá mun minni en hann er í dag. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson. ....	7
Mynd 4. Grímsstaðavör, yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Skurðirnir fjórir eru númeraðir og afmarkaðir með rauðum línunum. Ljósmynd: Stefán Ólafsson. ....	8
Mynd 5. Unnarbraut 32. Horft í skurðinn í átt að húsinu. Ljósmynd: Vala Garðarsdóttir. ....	10
Mynd 6. Nemendur við uppgröft á rústum Móakots á Seltjarnarnesi. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir. ....	12
Mynd 7. Stóra Sel. Ólafur Þorsteinsson er tilbúinn að fjarlægja suðurgrunn hússins. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir. ....	14
Mynd 8. Hafnarstræti í Reykjavík. Vesturendi stéttar/grjótlagnar [007]. Horft í vestur. Ljósmynd: Stefán Ólafsson. ....	15
Mynd 9. Skólalbrú í Reykjavík. Austursnið skurðar. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir. ....	17
Mynd 10. Loftmynd af húsgrunni holdsveikraspítalans í Laugarnesi. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir. ....	19
Mynd 11. Árbær í Reykjavík. Vaskir starfsmenn uppgraftar að störfum. Horft í suður. Ljósmynd: Margrét Björk Magnúsdóttir. ....	20
Mynd 12. Viðey, snið í mýri. Ljósmynd: Scott Riddell. ....	22
Mynd 13. Hallmundarhellir í Hallmundarhrauni, minjasvæði inni í hellinum. Ljósmynd: Kevin Smith. ....	24
Mynd 14. Loftmynd af rannsóknarsvæðinu á Arnarstapa 2017. Ljósmynd: Kevin Martin. ....	27
Mynd 15. Yfirlit yfir leifar bæjarhóls Miðvalla. Upp á myndinni snýr til norðvesturs. Ljósmynd: Kevin Martin. ....	29
Mynd 16. Yfirlitsmynd af túni Hólahóla á Snæfellsnesi. Horft til norðvesturs. Ljósmynd: Kevin Martin. ....	31
Mynd 17. Saurar á Snæfellsnesi. Uppgröftur í öskuhaug. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson. ....	33
Mynd 18. Ólafsdalur, horft inn dalinn til SSA. Rústirnar fyrir miðri mynd. Ljósmynd: Birna Lárusdóttir. ....	34
Mynd 19. Hrafseyri við Arnarfjörð. Undirgangurinn eftir að ruslag og grjóthrun hefur verið fjarlægð. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir. ....	36

Mynd 20. Auðkúla. Mynd af langeldi og þeim hluta skálans sem rannsakaður var sumarið 2017. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir. ....	38
Mynd 21. Kjaransstaðir í Dýrafirði. Hellulagður flór sem kom fram í skurði C. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir .....	40
Mynd 22. Kjörvogur. Öskuhaugurinn áður en uppgröftur hófst. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.....	42
Mynd 23. Strákey. Eldstæði í norðurhluta verbúðarinnar. Ljósmynd: Ragnar Edvardsson.....	43
Mynd 24. Þingeyrar. Staðsetning könnunarskurða. Ljósmynd: Landmælingar Íslands. Kortagerð: Hermann Hjartarson. ....	45
Mynd 25. Borkjarnarannsóknir í Hegranesi. Megan Sheehan og Nicholas Zeitlin taka borkjarna fyrir ofan Svanavatn. Ljósmynd: Douglas Bolender.....	49
Mynd 26. Hegranes. Haldið var opið hús í tengslum við rannsóknina og var þar m.a. sýnd tækni við fleytingu. Ljósmynd: John Steinberg. ....	51
Mynd 27. Hegranesþingstaður. Brian Damiata gengur um með CMD kannann í einstefnukönnuninni. Ljósmynd: John Steinberg. ....	53
Mynd 28. Fornbýli á Hegranesi. Tyler Perkins, Sean Deryk og Megan Sheehan taka borkjarna við Túnfót. Ljósmynd: Kathryn Catlin.....	55
Mynd 29. Rafstrengur í gegnum fótenda grafar í kirkjugarðinum í Keflavík, Hegranesi. Ljósmynd: Bryndís Zoëga. ....	57
Mynd 30. Egg í Hegranesi. Horft til suðurs eftir endilöngu sniði að vestanverðu í hlöðunni. Ljósmynd: Guðmundur Stefán Sigurðarson. ....	59
Mynd 31. Leifar áður óþekktts fornbylís á austurbakka Flókadalsvatns í Fljótum. Ljósmynd: Guðný Zoëga. ....	61
Mynd 32. Horft úr lofti niður á meintan kirkjugarð á Gautastöðum í Fljótum, hringlaga myndun hægra megin við læk. Ljósmynd: Guðný Zoëga.....	62
Mynd 33. Dysnes. Drónamynd tekin af rannsóknarsvæðinu undir lok rannsókna. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.....	64
Mynd 34. Svalbarðseyri. Norðurhlið skurðar horft til vesturs. Ljósmynd: Katrín Gunnarsdóttir. ....	66
Mynd 35. Landbrot á sjávarbakka við Hof í Flateyjardal. Á myndinni sést Guðmundur St. Sigurðarson. Ljósmynd: Rúnar Leifsson. ....	68
Mynd 36. Litlu Núpar. Silfurvírahappur fyrir forvörslu. Ljósmynd: Howell M. Roberts .....	70
Mynd 37. Hofstaðagarðshorn í Mývatnssveit. Rannsóknarsvæðið úr norðri, Gerðin og Hofstaðir í baksýn. Ljósmynd: Orri Vésteinsson. ....	72
Mynd 38. Núpsmýri við Öxarfjörð. Torfið í einum vegg heytóftar sem byggð er á þykku sandlagi. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir. ....	74

Mynd 39. Stöð. Horft yfir hluta af yngri skálanum. Langeldurinn leynist við hellurnar. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.....	76
Mynd 40. Eystri Ásar í Skaftártungu. Tóft 022 eftir hreinsun. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.....	78
Mynd 41. Ytri-Ásar, horft vestur yfir flagið. Bein, steinar, viðaraska og viðarkol sjást á yfirborði. Ljósmynd: Uggi Ævarsson.....	81
Mynd 42. Arfabót. Þrívíddarmynd af fjósinu og hlöðunni. Ljósmynd: Hermann J. Hjartarson.....	82
Mynd 43. Sandártunga í Þjórsárdal. Skurður 1 við lok uppgraftar, horft til norðausturs. Ljósmynd: Gavin Lucas.....	84
Mynd 44. Skeljastaðir í Þjórsárdal. Horft yfir rannsóknarsvæðið úr austri. Ljósmynd: Steinunn Kristjánsdóttir.....	86
Mynd 45. Hólaskógur. Horft til austurs yfir kumlið áður en byrjað var að grafa. Ljósmynd: Uggi Ævarsson.....	87
Mynd 46. Nemendauppgröftur í Skálholti 2017. Horft í austurátt. Ljósmynd: Angelos Parigoris.....	88
Mynd 47. Verbúðarhóll á Eyrarbakka. Drónamynd af rannsóknarstaðnum sem sýnir skurðinn við lok uppgraftar 2017. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.....	90